



ÁRSSKÝRSLA 2006
ÁRSSKÝRSLA 2006



FASTEIGNAMAT RÍKISINS

© Fasteignamat ríkisins og höfundar

Útgefandi: Fasteignamat ríkisins
Ritstjóri: Snorri Gunnarsson
Hönnun, myndstjórn og umbrot: ENNEMM
Myndrit: Guðmundur Ó. Ingvarsson
Prentun: Svansprent

Ritið er sett með 9 pt. Optima
og prentað á 135g Zanders Mega pappír

ISSN 1670-1941

Ávarp forstjóra	5
Starfsemin á árinu 2006	7
Ársreikningur 2006	12
Útdráttur úr viðhorfskönnun	14
Fasteignamarkaðurinn á árinu 2006	16
Tryggvi Már Ingvarsson	
Afmörkun landamerkja	18
Tölur	
Tafla 1.1 Fasteignamat og brunabótamat á Íslandi 31. desember 2006	39
Tafla 1.2 Fasteignamat og brunabótamat frá 1994	41
Tafla 1.3 Fjöldi íbúða eftir byggingartíma. Landið allt	42
Tafla 1.4 Fjöldi íbúða eftir sveitarfélögum 2006	43
Tafla 2.1 Velta og fjöldi kaupsamninga í fasteignaviðskiptum 1990-2006	45
Tafla 2.2 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 2006	46
Tafla 3.1 Fasteignaverð í sérbýli í ýmsum sveitarfélögum árið 2006	48
Tafla 3.2 Fasteignaverð í fjölbýli í ýmsum sveitarfélögum árið 2006	59
Tafla 3.3 Þróun fermetraverðs íbúðarhúsnaðis á höfuðborgarsvæðinu	69




Hugmyndin að baki Landskrá fasteigna sem lögfest var 2001, var að skapa eitt samhæft upplýsingakerfi um fasteignir á Íslandi, nokkurs konar fasteignaskrá Íslands. Í desember 2005 steig Alþingi mikilvægt skref í þessa átt þegar lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga var breytt á þann hátt að frá og með 2007 fari álagning fasteignaskatta fram í Landskrá fasteigna og lagt fyrir Fasteignamat ríkisins að gera nauðsynlegar breytingar á skránni í þessu skyni. Höfðu ábendingar um gagnsemi slíkrar breytingar komið fram í starfi nokkurra nefnda og starfshópa á fyrstu árum aldarinnar.

Í upphafi árs 2006 tók stofnunin til við að hanna og forrita álagningarkerfi og tókst að hafa alla meginþætti kerfisins tilbúna í árslok. Um árabíl hefur Fasteignamat ríkisins afhent sveitarfélögum skrár með gjaldstofnum og sveitarfélög in svo fært upplýsingarnar inn í sérstakar álagningarskrár. Með tilkomu álagningarkerfisins geta sveitarfélög aflagt að halda sérstakar álagningarskrár. Álagningarkerfinu er þjónað frá skrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri. Á árinu 2006 voru haldin námskeið fyrir væntanlega notendur en skipulagning og umsjón með námskeiðunum var í höndum Háskólans á Akureyri.

Í október 2006 skipaði fjármálaráðuneytið starfshóp samkvæmt tilnefningu ráðuneyta, sveitarfélaga og hagsmunaaðila til að fara heildstætt yfir núverandi tilhögun við fasteignaskráningu, fasteignamat og brunabótamat jafnframt því að leggja fram tillögur á grundvelli niðurstaðna sinna um fjármögnun þess kerfis sem rétt þætti að viðhafa. Þess er að vænta að starfshópurinn skili tillögum sem móta munu þróun þessa málaflokks næstu árin.

Haukur Ingibergsson, forstjóri



Hlutverk Fasteignamats ríkisins

Fasteignamat ríkisins hefur það hlutverk að annast skráningu og mat fasteigna, halda til þess viðeigandi kerfi og veita upplýsingar úr þeim. Þessu sinnir stofnunin með eftirfarandi hætti:

1. Landskrá fasteigna

Fasteignamat ríkisins heldur og þróar gagna- og upplýsingakerfið Landskrá fasteigna en þar skal skrá allar fasteignir í landinu. Landskráin er grundvöllur skráningar fasteigna og hnitsettra eignamarka lands, mats fasteigna, húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár, auk þess að vera stöðgagn í landupplýsingakerfum. Þinglýsingarhluti Landskrár fasteigna er rafræn þinglýsingarbók sýslumanna og geymir m.a. upplýsingar um þinglýst réttindi, svo sem um eigendur, veðbönd og kvaðir.

2. Fasteignamat

Fasteignamat ríkisins metur matsskyldar fasteignir fasteignamati sem er gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði ár hvert, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma. Frá ársbyrjun 2007 fer álagning sveitarfélaga á fasteignasköttum og fasteignagjöldum fram í Landskrá fasteigna.

3. Brunabótamat

Fasteignamat ríkisins metur allar matsskyldar húseignir brunabótamati sem tekur til þeirra efnislegru verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta í eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti.

4. Fasteignamarkaður

Fasteignamat ríkisins birtir reglulega samþættar upplýsingar um fasteignamarkaðinn byggðar á gagnasöfnun stofnunarinnar.

Formleg starfsmannastefna

Á árinu 2006 setti Fasteignamat ríkisins sér starfsmannastefnu. Þar er sett fram með formlegum hætti sú stefna sem höfð hefur verið að leiðarljósi en ekki verið færð í letur fyrr.

Starfsmannastefna Fasteignamats ríkisins:

Inngangur

Forsenda þess að Fasteignamat ríkisins geti gegnt hlutverki sínu í þjóðarþágu er að hafa á að skipa hæfum starfsmönnum, með viðeigandi menntun og reynslu, sem starfa með rétta stjórnýslu og virka framleiðslu að leiðarljósi. Það er því markmið stofnunarinnar að vera í sterkri stöðu til að laða að, ráða og halda í hæfa starfsmenn með því að bjóða upp á samkeppnishæf starfskjör, áhugaverð verkefni, góða starfsaðstöðu og möguleika á þróun í starfi og símenntun því tengdu. Liður í þessu er virk starfsmannastefna sem tekur til mikilvægustu málaflokka sem varða starfsmenn. Staðan í þessum málaflokkum er metin kerfisbundið m.a. með árlegri vinnustaðagreiningu. Niðurstöður greiningarinnar eru teknar til skoðunar og umræðu í starfsdeildum.

Jafnrétti

Fasteignamat ríkisins metur starfsmenn að eigin verðleikum. Mismunun á grundvelli óviðkomandi þátta, svo sem kynferðis, aldurs, kynþáttar eða annarra aðgreinandi þátta, er ekki liðin og ákvarðanataka um starfskjör, framgang í starfi, þátttöku í verkefnum/hópum, fæðingarorlof og starfslok eru óháð slíkum þáttum. Jafnréttisáætlun er liður í þessari stefnu en henni er ætlað að jafna stöðu kynjanna innan stofnunarinnar. Einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðið.

Aðstaða, ferlar og verkfæri

Fasteignamat ríkisins vill tryggja öllum starfsmönnum góða starfsaðstöðu á vinnustað, viðfangsefni séu unnin samkvæmt gæðakerfum,

ferlum og verklagsreglum auk þess sem tölvukerfi, tæki og áhöld til vinnunnar séu til fyrirmyndar og starfsmenn hafi aðgang að viðeigandi gögnum í starfi sínu. Öryggi starfsmanna og aðbúnaður á vinnustað sé ávallt til fyrirmyndar.

Heilsa og líðan

Til að starfsmenn geti náð árangri jafnt í einkalífi sem í starfi er mikilvægt að þeir séu við góða líkamlega og andlega heilsu. Starfsmenn eru því hvattir til að huga vel að heilbrigði sínu. Eru þeim veittir styrkir til heilsuræktar og stendur árlegt heilsufarseftirlit til boða. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma að ákveðnu marki til að auðvelda starfsmönnum að samhæfa starf og einkalíf.

Upplýsingar

Forsenda árangurs í starfsemi er að starfsmenn hafi greiðan aðgang að upplýsingum um hana. Stofnunin tryggir aðgengi að þessum upplýsingum m.a. með vikulegum deildarfundum, öflugum innri vef, starfsmannafundum og útgáfu vikulegs fréttabréfs. Gert er ráð fyrir að starfsmenn fylgist með útgefnum upplýsingum og beri sjálfir ábyrgð á að kynna sér þær. Jafnframt er ætlast til að starfsfólk miðli mikilvægum upplýsingum sín á milli.

Fræðsla og starfsþróun

Hæfni og þekking starfsmanna er undirstaða árangurs. Litið er á það sem sameiginlega ábyrgð starfsmanna og stjórnenda að sýna frumkvæði til að viðhalda þessum þáttum og efla þá. Í ljósi sérhæfðrar starfsemi Fasteignamatís ríkisins er lögð áhersla á að bjóða upp á öfluga innanhússfræðslu og þjálfun. Leitast er við að koma til móts við starfsmenn sem hafa áhuga á að takast á við ný verkefni eða hlutverk innan stofnunarinnar eftir því sem tók eru á. Formleg umræða um starfsþróun fer fram í árlegu starfsmannasamtali, þar sem fræðsluáætlun er gerð fyrir næsta ár.

Móttaka og þjálfun nýliða

Tekið er vel á móti nýliðum. Lögð er áhersla á að nýliðar séu velkomnir og að þeir fái við upphaf starfs þær upplýsingar sem þeir þurfa til að ná tökum á verkefnum sínum. Þetta felur m.a. í sér kynningu á starfsemi og hlutverki nýliðans. Þjálfun nýliða fer fram á skipulegan hátt. Næsti yfirmaður ber ábyrgð á þjálfun nýliða en gert er ráð fyrir að allir starfsmenn séu tilbúnir til að hjálpa nýliðum og leiðbeina þeim.

Væntingar og endurgjöf

Forsenda þess að starfsmenn skili góðu starfi er að væntingar til þeirra séu skýrar. Starfslýsingar eru fyrir öll störf þar sem kveðið er á um helstu verkefni og ábyrgð. Starfslýsingar eru uppfærðar eftir því sem þörf er á. Lögð er áhersla á að starfsmenn fái endurgjöf um frammistöðu sína, hrós fyrir vel unnin störf og leiðbeiningar og stuðning til að laga það sem betur má fara. Árleg starfsmannasamtöl eru vettvangur formlegrar endurgjafar en gert er ráð fyrir að starfsmenn fái jafnframt óformlega endurgjöf í daglegu starfi.

Starfslok

Við starfslok er lögð áhersla á að starfsmenn skilji við stofnunina með jákvæðum huga í hennar garð og samstarfsmanna sinna.

Félags- og tómstundastarfsemi

Stutt er við félagsstarf starfsmanna og félag þeirra svo sem með árshátíð, ferðalögum og annarri félagsstarfsemi sem eflir kynni og samkennd starfsmanna og stuðlar að því að fjölskyldur þeirra fái skilning á starfsemi stofnunarinnar.

Grundvöllur

Grundvöllur starfsmannahalds Fasteignamatís ríkisins eru lög nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, kjarasamningur

fjármálaráðherra og stéttarféлага starfsmanna og önnur viðeigandi lög og reglur.

90% fasteigna þinglýst í Landskrá fasteigna

Við lok árs 2006 var heildarfjöldi fasteigna í fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins 173.381. Þar af var 155.958 fasteignum, eða um 90% fasteigna, þinglýst í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna en um 10% fasteigna var enn þinglýst í þinglýsingarbækur sýslumanna eða í eldra þinglýsingarkerfi eða hafa aldrei verið stofnaðar í þinglýsingarbók. Ástæða þess að ekki hefur verið hægt að ljúka innfærslu allra eigna í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna er misræmi upplýsinga um fasteignir í þinglýsingarbók annars vegar og í fasteignamatshlutanum hins vegar.

Við undirbúning að stofnun Landskrár fasteigna var talið að þetta misræmi í skráningu væri á um það bil 10% af heildarfjölda fasteigna. Síðar hefur komið í ljós að misræmi upplýsinga var mun meira eða á bilinu 15 til 33%, mismunandi eftir sýslumannsembættum. Skráning fasteigna er oft flókin og misræmismál að sama skapi vandasöm og tímafrek til úrlausnar. Eitt af því sem þarf að taka afstöðu til er hvernig fara skuli með fasteignir sem skráðar eru í fasteignamatshluta Landskrár fasteigna en hafa aldrei verið stofnaðar í þinglýsingarbók sýslumanns. Það eru að meirihluta eignir í eigu ríkis og sveitarfélaga. Úrvinnsla og lausn misræmis hefur grundvallast á góðu samstarfi Fasteignamats ríkisins við sýslumenn og byggingarfulltrúa. Haldið verður áfram á sömu braut til þess að leysa úr því misræmi sem eftir stendur.

Vottun upplýsingaöryggis

Með úttekt fulltrúa Bresku staðlastofnunarinnar, BSI, í febrúar hlaut Fasteignamat ríkisins vottun

fyrir stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt BS 7799-2:2002 staðlinum. Innleiðing öryggis-stefnunnar og undirbúningur vottunarinnar stóð hátt á þriðja ár. Um mánaðamótin nóvember desember fór aftur fram úttekt til að kanna hvort staðlinum væri fylgt, auk þess sem stofnunin fékk þá vottun samkvæmt nýrri útgáfu af öryggisstaðlinum ISO 27001:2005. Vottun frá faggildum aðila sýnir fram á að öryggi upplýsinga hjá Fasteignamati ríkisins er sett á sama stall og öryggi upplýsinga hjá fjármálastofnunum og öðrum fyrirtækjum sem gera miklar kröfur til öryggis upplýsinga. Vottunin sýnir fasteignaeigendum, yfirvöldum og hagsmunaaðilum að meðferð og varsla upplýsinga um fasteignir og þinglýst eignaréttindi er tryggð eins og best verður á kosið. Fasteignamat ríkisins er fyrsta opinbera stofnunin til að hljóta vottun fyrir stjórnun upplýsingaöryggis en áður höfðu fimm íslensk fyrirtæki hlotið vottun samkvæmt BS 7799-2:2002 staðlinum.

Vefsetur Fasteignamats ríkisins fær vottun Öryrkjabandalags Íslands

Vefsetur Fasteignamats ríkisins hlaut vottun Öryrkjabandalags Íslands og Sjá ehf. um að vefurinn standist kröfur um aðgengi fyrir fatlaða. Blindir og sjónskertir geta hér eftir notað skjálesara og sérhönnuð lyklorð til að skoða vefinn, lesblindir geta breytt um bakgrunnslit og hreyfihamlaðir geta vafrað án þess að nota músina. Þetta er mikilvægt skref til að þjónusta stofnunarinnar ná til sem allra flestra landsmanna. Fasteignamat ríkisins er fyrsta ríkisstofnunin sem fær þessa vottun.

Álagningarhluti Landskrár fasteigna

Á árinu var unnið að álagningarferfi fasteignagjalda í Landskrá fasteigna. Verkinu lauk fyrir árslok og var kerfið tekið í notkun strax á nýju ári. Lengst af hefur Fasteignamat ríkisins afhent

sveitarfélögum skrár með gjaldstofnum og sveitarfélögin svo lagt gjöldin á hvert með sínum hætti. Með tilkomu álagningarhluta Landskrár fasteigna reikna sveitarfélögin út álagningu gjaldanna í sérstöku álagningarkerfi sem er hluti af Landskrá fasteigna. Auk þess er álagningarhlutinn tengdur við innheimtukerfi sveitarfélaganna. Álagning fasteignagjalda í Landskrá fasteigna tryggir samræmi í álagningu gjaldanna þar sem hún verður þá alls staðar í samræmi við opinbera skráningu fasteigna í Landskránni. Þar að auki leiðir álagningarhluti Landskrár fasteigna til aukinnar skilvirkni við alla umsýslu fasteignagjalda. Notendur álagningarkerfisins eru á bilinu 150 til 200 talsins víðs vegar um land allt. Kerfinu er þjónað frá skrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri. Á árinu 2006 voru haldin námskeið fyrir væntanlega notendur. Skipulagning og umsjón með námskeiðunum var í höndum Háskólans á Akureyri.

Endurmat fasteignamats í Grundarfirði

Grundarfjarðarbær óskaði í maí 2006 eftir endurmati allra fasteigna í þéttbýli í sveitarfélaginu. Þann 1. nóvember tók nýtt fasteignamat gildi. Endurmat íbúðarhúsnæðis byggir á sérstöku matslíkani fyrir Grundarfjörð þar sem notuð var ólínuleg aðhvarfsgreining til að meta verðmæti eigna út frá söluverði samkvæmt kaupsamningum. Niðurstöður líkansins sýndu aukin mun á verðmæti húsnæðis eftir aldri. Fasteignamat elstu eignanna hækkaði því minnst en mest þeirra yngri.

Lóðarmat íbúðarhúsnæðis rúmlega tvöfaldaðist. Fyrir sérbýli hækkaði það að jafnaði um 101% en lóðarmat fjölbýlis hækkaði að jafnaði um 135%. Eftir hækkunina var lóðarmatið um 36% af lóðarmati íbúðarhúsa á höfuðborgarsvæðinu. Fasteignamat íbúðareigna hækkaði samtals um

37% en einstakar eignir á bilinu 6% til 65%. Eftir hækkunina er húsmat nýbyggingar um 63% af samsvarandi nýbyggingu á höfuðborgarsvæðinu en hlutfallið fer lækkandi með hækkanandi aldri húsa niður í um 47%. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkaði að jafnaði um 16%. Þar af hækkaði lóðarmat að jafnaði um 47% en húsmat að jafnaði um 12%. Eftir hækkunina er lóðarmatið um 30% af samsvarandi eign á höfuðborgarsvæðinu en húsmatið 45%.

Gagnasafn um kaupsamninga

Fasteignamat ríkisins hefur um áratugaskeið haldið gagnasafn um viðskipti á fasteignamarkaði. Það tengir saman tvíþættar upplýsingar. Annars vegar upplýsingar um kaupverð og greiðslukjör einstakra fasteigna samkvæmt kaupsamningum. Hins vegar upplýsingar um eiginleika viðkomandi eignar svo sem stærðir, staðsetningu, byggingarkostnað, aldur og fleira. Þessar upplýsingar eru að mestu skráningar- og matsupplýsingar samkvæmt Landskrá fasteigna. Tilgangur gagnasafnsins er að búa til tölfraðilegar upplýsingar. Í upphafi var það fyrst og fremst notað til að vinna upplýsingar í tengslum við gerð tillagna til yfirfasteignamatsnefndar um árlegan framreikning fasteignamats. Í tímans rás hefur gagnasafnið mætt fjölpættari eftirspurn eftir upplýsingum og spanna tölfraðiupplýsingar sem unnar eru úr gagnasafninu nú vítt svið. Þar ber fyrst að nefna að safnið er notað til að þróa tölfraðileg líkön um skýringarþætti fasteignaverðs sem notuð eru til að ákveða fasteignamat. Frá árinu 2001 er allt fasteignamat íbúðarhúsnæðis ákvarðað með tölfraðilíkönum af þessu tagi. Á gagnasafninu eru einnig byggðar upplýsingar um fjölda kaupsamninga og veltu í fasteignaviðskiptum sem birtar eru reglulega, tölur um íbúðaverð eftir gerð og staðsetningu ásamt vísitölum um þróun íbúðaverðs. Verðsjá fasteigna á vefsetri Fasteignamats ríkisins gefur almenningi kost á samanteknum upplýsingum um fasteignaverð sem

sóttar eru beint og milliliðalaust í gagnasafnið. Breyting á kostnaði við eigið húsnæði sem mæld er í vísitölu neysluverðs og Hagstofan gefur út byggir meðal annars á þessu gagnasafni.

Á árinu 2006 var verklag við söfnun gagna og úrvinnslu upplýsinga endurskipulagt. Markmiðið var að auka skilvirkni við söfnun og skráningu gagnanna og bæta gæði gagnasafnsins. Í því fólst að innleiddir voru nýir vinnuferlar og smíðaður nýr hugbúnaður. Áður þurfti að safna gögnum á pappír frá öllum sýslumannsembættum á landinu auk þess sem þörf var á að tvískrá gögnin að hluta til. Kaupsamningum er nú þinglýst í Landskrá fasteigna. Jafnframt eru þeir skannaðir hjá sýslumannsembættum. Þetta hefur í för með sér að starfsfólk Fasteignamats ríkisins hefur rafrænan aðgang að kaupsamningi strax að lokinni þinglýsingu auk þess sem upplýsingar um eiginleika viðkomandi eignar eru sóttar sjálfkrafa þegar samningnum er þinglýst á fasteignina. Gögnin eru því komin í gagnasafnið innan sólarhrings frá því kaupsamningi er þinglýst samanborið við eina til tvær vikur áður. Reglubundin vinnsla og útgáfa upplýsinga um fasteignamarkaðinn er jafnframt mun hraðvirkari en áður.

Upplýsingar um eiginleika seldra fasteigna eru jafnframt fyllri en áður. Sóttar eru upplýsingar um fleiri eiginleika eigna samkvæmt skráningar- og matsupplýsingum Landskrár fasteigna auk þess sem nú eru skráðar fleiri upplýsingar en þar er að finna. Þá er unnið að því að auka gæðaeftirlit með áreiðanleika upplýsinga um eiginleika seldra eigna.

Afleiðing þessa nýja verklags er bæði aukið hagræði og meiri gæði gagnanna. Hægt verður að þróa enn betri líkön til að ákveða fasteignamat og auðveldara verður að aðlaga þau hratt að breyttum markaðsaðstæðum þannig að unnt verður að leggja fram nákvæmt og vandað endurmat fasteigna mun örar en áður. Skráning gagna um fasteignaviðskipti fer nú fram á þjónustuskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri en var áður í Reykjavík.

REKSTRARREIKNINGUR

ÁRSINS 2006

	2006	2005
	<i>pús. kr.</i>	<i>pús. kr.</i>
Tekjur		
Umsýslugjald	309.641	279.741
Afnotagjöld af fasteignaskrá	256.198	229.031
Þjónustutekjur	25.265	17.703
Tekjur alls	<u>591.104</u>	<u>526.475</u>
 Gjöld		
Launagjöld	371.005	344.561
Ferða- og dvalarkostn. Fundir, námskeið	19.948	18.667
Rekstrarvörur	11.616	10.641
Aðkeypt þjónusta	179.932	140.508
Húsnæðiskostnaður	38.934	36.875
Bílfreiðar og vélar	4.312	5.042
Ýmislegt – tilfærslur og vaxtagjöld	3.987	1.676
Rekstrargjöld samtals	629.734	557.970
Eignakaup	20.417	34.246
Gjöld alls	<u>650.151</u>	<u>592.216</u>
 Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags	<u>(59.047)</u>	<u>(65.741)</u>
 Ríkisframlag	<u>72.600</u>	<u>72.600</u>
 Tekjuafgangur (halli)	<u><u>(59.047)</u></u>	<u><u>6.859</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

31. DESEMBER 2006


	2006	2005
	<i>þús. kr.</i>	<i>þús. kr.</i>
Eignir		
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	236.179	219.587
Handbært fé	71.126	51.738
Ríkissjóður		
Veltufjármunir samtals	<u>307.305</u>	<u>271.325</u>
Eignir alls	<u><u>307.305</u></u>	<u><u>271.325</u></u>
 Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	203.118	196.258
Tekjuafgangur (halli) á árinu	-59.047	6.859
Eigið fé samtals	<u>144.071</u>	<u>203.117</u>
 Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	118.051	38.352
Viðskiptaskuldir	45.183	29.856
Ógreidd gjöld		
Skammtímaskuldir samtals	<u>163.234</u>	<u>68.208</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u><u>307.305</u></u>	<u><u>271.325</u></u>

ÚTDRÁTTUR ÚR VIÐHORFSKÖNNUN

Dagana 12. til 26. júlí 2006 gerði Gallup símakönnun á viðhorfum og mati almennings á Fasteignamati ríkisins. Gallup hefur gert svipaðar kannanir frá árinu 2000 og hafa helstu niðurstöður ávallt birst í Ársskýrslu Fasteignamatsins. Niðurstöður úr síðustu könnun eru settar fram í skífuriti en til hliðsjónar er þróunin frá árinu 2000 sýnd með línuriti.


Hversu vel þekkja Íslendingar hlutverk Fasteignamats ríkisins?

Pegar spurt var hversu vel fólk þekkti til hlutverks Fasteignamats ríkisins svöruðu 26% því til að þeir teldu sig þekkja vel til stofnunarinnar, 61% töldu sig þekkja illa til stofnunarinnar og 13% aðspurðra svöruðu því til að þeir þekktu hvorki vel né illa til hennar. Hlutfall þeirra sem telja sig þekkja vel til stofnunarinnar er litlu lægra en árið 2005 en þá mældist það hærra en nokkru sinni og hafði nær tvöfaldast frá því að reglulegar mælingar hófust árið 2000.



Viðhorf gagnvart Fasteignamati ríkisins


Hlutfall þeirra sem voru jákvæðir gagnvart Fasteignamati ríkisins var 39% en hlutfall þeirra sem voru neikvæðir var 16%. Hlutfall þeirra sem tóku ekki afstöðu var 45%. Hlutfall þeirra sem voru jákvæðir gagnvart stofnuninni lækkaði um tvö prósentustig á milli árunna 2005 og 2006 en hlutfall þeirra sem voru neikvæðir lækkaði jafnframt um sama prósentustig.



ÚTDRÁTTUR ÚR VIÐHORFSKÖNNUN


Er Fasteignamat ríkisins traust stofnun?

Fasteignamat ríkisins er traust stofnun að mati 69% þeirra sem spurðir voru í könnuninni, en 11% töldu stofnunina vera ótrausta. Hlutfall þeirra sem voru hlutlausir í afstöðu sinni var 20%. Hlutfall þeirra sem töldu stofnunina trausta var litlu lægra en árið 2005 en jafnframt lækkaði hlutfall þeirra sem töldu stofnunina ótrausta.



Er Fasteignamat ríkisins framsækin eða íhaldssöm stofnun?

Hlutfall þeirra sem töldu Fasteignamat ríkisins vera framsækna stofnun hækkaði um tvö prósentustig frá árinu 2005 og var 12% árið 2006. Hlutfall þeirra sem álitu Fasteignamat ríkisins vera íhaldssama stofnun lækkaði aftur á móti úr 76% í 73%. 15% aðspurðra töldu stofnunina hvorki vera framsækna né íhaldssama.



FASTEIGNAMARKAÐURINN Á ÁRINU 2006


Á árinu 2006 dró úr umfangi fasteignaviðskipta miðað við árið á undan, bæði fækkaði kaupsamningum og velta í krónum talið dróst saman. Fjöldi kaupsamninga var tæplega ellefu þúsund og níu hundruð samanborið við rúm fimmtán þúsund og átta hundruð árið 2005 og lækkaði um 25%. Líta þarf aftur til ársins 2002 til að sjá færri kaupsamninga á einu ári. Velta á fasteignamarkaði nam 272 milljörðum króna á árinu 2006 en var riflega þrjú hundruð og tólf milljarðar árið á undan og dróst saman um 13%.

Viðskipti með fasteignir á höfuðborgarsvæðinu stóðu að baki 75% veltu íslenska fasteignamarkaðarins á árinu 2006 og 63% kaupsamninga voru um eignir á því svæði. Mynd 1 sýnir hvernig hlutföllin eru fyrir aðra landshluta. Hlutdeild fasteignaviðskipta á Suðurnesjum var 6% af veltu viðskiptanna á landinu öllu, 4% á Vesturlandi, 1% á Vestfjörðum, 1% á Norðurlandi vestra, 5% á Norðurlandi eystra, 2% á Austurlandi og 6% veltunnar var með fasteignir á Suðurlandi.

Breyting á umfangi fasteignaviðskiptanna var mismunandi eftir landslutum þótt alls staðar væri samdráttur. Breytingin á höfuðborgarsvæðinu var eðlilega nálæg breytingunni fyrir landið allt. En hlutfallslega dró mest úr veltunni á Suðurnesjum eða um 17% og minnst á Vesturlandi og Norðurlandi eystra um 4%. Á mynd 2 gefur að líta hlutfallslegar breytingar á veltu og fjölda kaupsamninga á milli árána 2005 og 2006.


Á mynd 3 má sjá hlutfallslega skiptingu fasteignaveltunnar eftir tegundum eigna og landslutum. Á höfuðborgarsvæðinu er meira en helmingur veltunnar vegna viðskipta með eignir í fjölbýli og er hvergi hærra. Að sama skapi er hlutfall veltu vegna viðskipta með einbýlishús hvergi lægra. Þetta eru þéttbýliseinkenni. Það er athyglisvert að skoða hvernig þetta hlutfall er breytilegt eftir landslutum og endurspeglar ólíkt byggðamynstur. Eins er áhugavert að skoða

Hlutfallsleg skipting veltu og fjölda kaupsamninga eftir landslutum árið 2006




Mynd 1

Hlutfallsleg breyting á veltu og fjölda kaupsamninga eftir landslutum milli árána 2005 og 2006



Mynd 2

Hlutfallsleg skipting veltu á fasteignamarkaði eftir gerð fasteigna og landslutum 2006



Mynd 3


FASTEIGNAMARKAÐURINN Á ÁRINU 2006

breytilegt hlutfall annarra fasteigna en íbúðar- og atvinnuhúsnæðis eftir landshlutum. Í þann flokk falla sumarbústaðir, jarðir, lóðir ofl. Það kemur ekki á óvart að þetta hlutfall er hátt á Suðurlandi og Vesturlandi þar sem helstu sumarhúsaþbyggðir landsins er að finna en sérstaka athygli vekur að viðskipti með eignir í þessum flokki fasteigna er rúmlega fjórðungur veltunnar á Norðurlandi vestra.

Á árinu 2006 dró úr hækkunum íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu. Mynd 4 sýnir hvernig 12 mánaða breyting á íbúðaverði þróast yfir árið. Í upphafi árs var 12 mánaða breyting 25% en var komin niður í 5% í lok ársins.


Á landsbyggðinni hélt íbúðaverð áfram að hækka. Mynd 5 sýnir verðþróunina eftir landshlutum frá árinu 1990. Á milli árána 2005 og 2006 hækkaði verð íbúðarhúsnæðis mest á Norðurlandi eystra eða um 35,1%. Þar á eftir kom Vesturland þar sem hækkunin var 28,6%, á Reykjanesi hækkaði verðið um 23,0%, á Austurlandi hækkaði það um 16,1%, á Suðurlandi um 14,8% og á Vestfjörðum um 14,6%. Það er athyglisvert að hækkunin var næstmínst á höfuðborgarsvæðinu 11,9% en mínst var hún á Norðurlandi vestra 8,5%. Verðhækkanir á landsbyggðinni hafa því greinilega verið að vinna á þær sem átt hafa sér stað á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár.

Tólf mánaða breytingar á íbúðaverði á höfuðborgarsvæðinu, janúar 2006 til október 2007



Mynd 4

Þróun fasteignaverðs í einstökum landshlutum 1990 til 2006



Mynd 5

Breytingar á ársmeðaltölum íbúðaverðs m.v. árið 2006

	Höfuðborgarsvæðið	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
milli 2005 og 2006	11,9%	23,0%	28,6%	14,6%	8,5%	35,1%	16,1%	14,8%
frá 2001 til 2006	97,8%	108,0%	113,5%	62,2%	67,9%	104,3%	123,6%	103,4%
frá 1996 til 2006	207,6%	167,5%	190,5%	51,3%	109,1%	170,2%	134,8%	180,3%
frá 1990 til 2006	266,0%	237,0%	327,0%	80,0%	130,0%	235,0%	231,0%	256,0%

Tölurnar eru byggðar á meðaltali fermetraverðs íbúðarhúsnæðis

AFMÖRKUN LANDAMERKJA

TRYGGVI MÁR INGVARSSON



Hlaðnir garðar í landi Syðra-Tungukots í Svarfaðardal. Garðurinn sem er nær á myndinni þjónaði hlutverki túngarðs en um hlutverk garðsins sem fjær sést er ekki alveg vitað. Samkvæmt Fornleifavernd ríkisins er hann ævafornt og hefur líklega annaðhvort verið landamerkjagarður eða garður sem fé var rekið eftir um tunguna. (Mynd birt með góðfúslegu leyfi Fornleifaverndar ríkisins).

Inngangur

Í upphafi árs 2007 var grunnur lagður að landupp lýsingadeild innan Fasteignamats ríkisins. Meginhlutverk nýju deildarinnar verður að skipuleggja og koma á skráningu á afmörkun fasteigna með uppbyggingu sérstaks landeignarhluta innan Landskrár fasteigna. Fyrst um sinn verður áhersla lögð á að efla skráningu eignamarka í dreifbýli því þar er sjaldnast fyrir að fara öflugri landeignaskráningu eins og sums staðar er í þéttbýli landsins.

Eftirfarandi grein er ætlað að varpa ljósi á sjónarmið Fasteignamats ríkisins í þessum efnum, hvernig best sé staðið að uppmælingu landa-

merkja í dreifbýli og um leið veita upplýsingar um stöðu og framtíð landeignaskráningar á Íslandi. Greinin er fyrst og fremst ætluð landeigendum, hagsmunaaðilum og öðrum sem áhuga hafa á uppmælingu landamerkja í dreifbýli.

Saga

Landnám fram til 930

Íslendingabók Ara fróða Þorgilssonar og Landnáma segja frá upphafi byggðar á Íslandi og hvernig land var numið. Þegar fyrstu mennirnir stigu hér á land í kringum 870 má segja að Ísland hafi verið

einn stór almenningur. Smátt og smátt eignuðu menn sér hluta af landinu og fylgdu í þeim efnum ákveðnum hefðum um landnám. Mismunandi var hvernig landnámsmenn mörkuðu land sitt og í þeim efnum virðast jafnvel hafa gilt mismunandi reglur fyrir konur og karla eins og sagt er frá í Hauksbók Landnámu. Um landnám kvenna gildi sú regla að þær máttu ekki nema meira land en þær gátu teymt tveggja vetra kvígu, vorlangan dag, sólsetra á milli:

Ásbjorn hét maðr, sonr Heyjangrs-Bjarnar; hann andaðisk í Íslandshafi, þá er hann vildi út fara, en Þorgerðr kona hans fór út ok synir þeira. En þat var mælt, at kona skyldi eigi víðara nema land en leiða mætti kvígu tvævetra várlangan dag sólsetra <í> millm, hálfstalit naut ok haft vel. Því leiddi Þorgerðr kvígu sína undan Tóptafelli, skammt frá Kvía suðr ok í Kiðjaklett hjá Jokulsfelli fyrir vestan. Þorgerðr nam því land um allt Ingólfshofðahverfi á millm Kvíár og Jokulsár ok bjó at Sandfelli.¹

Um karlana gildi sú regla að enginn skyldi nema stærra land en hann gat ferðast um með eldi ásamt skipverjum sínum á einum degi.

Þeim monnum, er síðar kómu út, þóttu hinir numit hafa of víða land, er fyrri kómu, en á þat sætti Haraldr konungr þá hinn hárfagri, at engi skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á degi með skipverjum sínum. Menn skyldu eld gera, þá er sól væri í austri; þar skyldi gera aðra reyki, svá at hvára sæi frá öðrum, en þeir eldar, er gjörvir váru, þá er sól var í austru, skyldi brenna til nær; síðan skyldu þeir ganga til þess, er sól væri í vestri, ok gera þar aðra elda.²

Með því að kveikja elda á landamerkjum urðu eftir trékol sem varðveittust lengi sem jarteikn um staðsetningu þeirra. Enn í dag eru svonefndar kolaþúfur algeng örnefni í landamerkjalyðingum og hugsanlegt að þessi siður hafi haldist allt frá landnámi.³ Bent hefur verið á að hlutverk eldsins við afmörkun lands hafi einnig getað verið af trúarlegum toga, þar sem margt virðist benda til þess að landnámsmenn álitu landið vera lífandi eða byggt ósýnilegum verum sem gættu þess. Hlutverk eldsins væri því hvoru tveggja að helga sér landið og að vinna hylli þeirra vætta sem þar bjuggu.⁴ Eins virðist skipta máli með hvaða hætti menn mörkuðu landnám og jafnvel hafi það einnig haft trúarlega þýðingu. Hugmynd um þetta má t.a.m. finna í frásögn af landnámi Einars Þorgeirssonar í Öxarfirði.

Þá kaupir Einarr í skipi með bræðrum tveimr, Vestmanni ok Vémundi; þeir fóru til Íslands ok sigldu fyrir norðan landit ok vestr um Sléttu í fjorðinn. Þeir settu øxi í Reistargnúp ok kölluðu því Öxarfjorð; þeir settu orn upp fyrir vestan ok kölluðu þar Arnarpúfu; en í þriðja stað settu þeir kross; þar nefndu þeir Krossás. Svá helguðu þeir sér allan Öxarfjorð.⁵

Frásögnin greinir frá því að landnámsmennirnir hafi notast við margvísleg úrræði til þess að merkja sér landið. Jarðkrossar (í Jónsbók nefndir lýritarsteinar) voru algengir sem endurspeglast víða í örnefnum þar sem landamerki lágu um, sbr. Krossá, Krossanes, o.fl.⁶

Þó virðist það hafa skipt máli hvernig menn merktu lönd sín því dæmi eru um að menn hafi verið hraktir af löndum sínum vegna þess að þeir fóru ekki eftir hefðum um landnám. Dæmi um

¹ Landnámabók, Íslenzk fornrit I, Jakob Benediktsson gaf út, Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík 1968, bls. 321.

² Landnámabók, bls. 337,339.

³ Björn Þorsteinsson, „Landnám (I)“, *Kulturhistorisk leksikon for Nordiske middel alder (X)*, Bókavelsun Ísafoldar, Reykjavík 1965, bls. 208-210.

⁴ Sjá nánar í: Páll Skúlason, „Jarðalög nr. 65/1976 - með skýringum eftir Pál Skúlason“, *Sleipnir hf.* Reykjavík 1996, bls. 130-131; og Nils Lid, „Eldvígung (I)“, *Kulturhistorisk leksikon for Nordiske middel alder (III)*, Bókavelsun Ísafoldar, Reykjavík 1958, bls. 579-581.

⁵ Landnámabók, bls. 284-285.

⁶ Sten Körner, „Gränsläggung“, *Kulturhistorisk leksikon for Nordiske middel alder (V)*, bls. 505-506.

Það er þegar Náttfari var hrakinn af landnámi sínu í Reykjadal en hann hafði merkt sér það með því að marka í tré: „Náttfari, er með Garðari hafði út farit, eignaði sér áðr Reykjadal ok hafði merkt á viðum, en Eyvindr rak hann brott.“⁷ Hugsanlega hefur þessi landnámsaðferð Náttfara ekki talist rétt og því réttlæt看legt að flæma hann á brott. Þó ber að hafa í huga að Náttfari var af þrælakyni og því skör lægri en aðrir í samfélagi víkinga á þessum tíma.

Sagt er að Ísland hafi verið orðið fullbyggt á „sex tegum vetra“ eða um svipað leyti og Alþingi Íslands er stofnað í kringum árið 930.⁸

Afmörkun jarða í dreifbýli fram til 1882

Strax eftir landnám má ætla að landeigendur hafi byrjað á því að afmarka landareignir sínar betur en einungis með vísan í örnefni, jarðkrossa og kolapúfur, enda er víða í sveitum landsins að finna langa hlaðna garða á landamerkjum jarða. Mikið verk hefur verið að hlaða landamerkjarðana enda þurftu þeir að vera það háir að þeir væru fêheldir og svo breiðir að þeir hryndu ekki á einni nóttu. Kveður Grágás skýrt á um hvernig að uppbyggingu þeirra skuli staðið og ennfremur að ekki megi krefja landeiganda þess að hann hlaði fleiri en einn garð á sumri en talið er að lög þau sem birtast í Grágás hafi verið rituð um miðja 13. öld.

En ekki var alls staðar hagkvæmt að hlaða garða og þá þurfti að ganga á merki og sammælast um legu þeirra. Samkvæmt Grágás var það gert með eigendum nærliggjandi eigna eftir ákveðnum reglum við sölu eða kaup jarða:

Ef menn vilja ganga á merki, þá skulu þeir koma til fyrir miðjan dag þar sem kaupandi kvað á, þá er hann kvaddi þá merkjagöngu. Þar er eigi skylt

að ganga til merkja er firðir deila eða ár þær er netnæmir fiskar ganga í. En ef þar liggja eyjar fyrir, og skal kveða á það. Nú á maður við annan mann eyjar þær er mörk eru í, og skal sýna þá sem á meginlandi. Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnsföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ... Rétt er og að þeir handsalist merkjagöngu síðar ef þeir verða á það sáttir, er þar eigu merki saman.⁹

Grágás nefnir einnig hvernig nota eigi landamerkjasteina til þess að afmarka eignarland og er kveðið sterkt á um ef menn reyna að breyta sýnilegum merkjum, enda varði „... það allt að fjörbaugsgarði.“¹⁰

Ætla má að varðveisla landamerkja, með gerð sýnilegra merkja í landi, s.s. landamerkjasteina eða landamerkjararða, vísun í örnefni og reglulegum merkjagögnum hafi haldist tiltölulega óbreytt frá tilmælum Grágásar fram til loka níttjándu aldar eða þar til ráðist var í fyrstu opinbera skráningu eignamarka jarða á Íslandi.

Lög um gerð landamerkjalýsinga 1882

Í framhaldi af nýju jarðamati fyrir Ísland 1861 var ráðist í að athuga hvernig tryggja mætti betur fasteignir og rétt fasteignaeigenda. Lög um landamerki nr. 5 frá árinu 1882 kveða á um gerð landamerkjalýsinga er vísa í örnefni og sérkenni í landslagi. Markaði þessi lagasetning ákveðin tímamót í skráningu fasteigna á Íslandi því í kjölfarið var unnið hörðum höndum að gerð samræmdra landamerkjalýsinga fyrir allar jarðir á Íslandi. Eru flestar núgildandi landamerkjalýsingar landeigna í dreifbýli frá síðustu tveim áratugum 19. aldar. Helstu nýmæli þessara laga voru:

⁷ Landnámabók, bls. 277. Svipaða frásögn má einnig finna í Reykdæla sögu.

⁸ Landnámabók, bls. 396.

⁹ Grágás - Lagasafn íslenska þjóðveldisins, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna, Mál og menning, Reykjavík 1992, bls. 292-293.

¹⁰ Grágás - Lagasafn íslenska þjóðveldisins, bls. 293.

[1. grein.] Skyldur er hver landeigandi að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni, hvort sem hann býr á henni sjálfur, eða leigir hana öðrum. ... Hin sama regla gildir einnig um afrjetti og aðrar óbyggðar lendur, að því leyti því verður við komið.

[2. grein.] Þar sem eigi eru glögg landamerki, er náttúran hefur sett, svo sem fjöll, gil, ár eða lækir, en sjónhending ræður, skal setja marksteina, eða hlaðnar vörður á merkjum með hæfilegu millibili, svo merki sjeu auðsjen, eða og hlaða merkjagarð eða grafa merkjaskurð. ...

[3. grein.] Eigandi eða umráðamaður hvernar jarðar er skyldur að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarðar sinnar, eins og hann veit þau rjettust. Skal þar getið þeirra ítaka eða hlunninda, sem aðrir menn eiga í land hans, svo og þeirra, sem jörð hans á í annara manna lönd. Merkjalýsing þessa skal hann sýna hverjum þeim, er land á til móts við hann, sem og eigendum lands þess, er hann telur jörð sína eiga ítak í, og skulu þeir rita á lýsinguna samþykki sitt, hver fyrir sína jörð, nema þeir álfí lýsing hans eigi rjetta.

[4. grein.] Þá er landeigandi hefur fengið alla, er hann á að sýna merkjalýsing sína eptir 3. grein, til að rita samþykkis sitt á hana, skal hann fá hana sýslumanni í hendur til þinglesturs á næsta manntalsþingi. ... Sýslumaður skal á manntalsþingi grennslast eptir, hvort ákvörðunum þeim, sem settar eru í 1.-4. grein, hafi verið fullnægt; sannist það, að eigandi eða umráðamaður jarðar hafi vanrækt skyldu sína, skal hann sekur um allt að 20 kr., er renni í sveitarsjóð ...

[6. grein.] Sýslumaður skal hafa löggilta landamerkjabók, til að rita í allar merkjalýsingar, samninga og dóma um landamerki, sem á þingi eru lesnir.¹¹

Eins og áður sagði eru þessar lýsingar enn í dag grunnurinn að afmörkun fasteigna í dreifbýli. Þegar lýsingarnar voru ritaðar voru sveitir landsins þéttskipaðar, búið var á nær hverjum bæ og örnefni spiluðu stóran þátt í lífi fólks. Fólk notaði örnefni til þess að vísa til staðsetningar þegar það sagði sögur, hvar það hefði verið eða þegar það sagði hjúum sínum fyrir verkum.

Í landamerkjalyýsingunum er ýmist vitnað til örnefna eða landslags en fyrir kemur að fyrirgengilegir hlutir eins og baðstofumænir á torfbæ, strompur á skólabyggingu, rafmagnsstaur eða jafnvel snjóskafi séu notaðir.¹² Lýsingin hér að neðan er nokkuð dæmigerð fyrir landamerkjalyýsingar þess tíma.

No. 140.

Landamerki fyrir jörðinni Ragnheiðarstöðum í Gaulverjabæjarhreppi, eins og þau voru ákveðin við áreið [svo] 18.d. júní 1883 og samþykkt af hlutaðeigendum:

Milli Ragnheiðarstaða og Fljótshóla ræður merkjum stefna úr vestasta „Prísteini“ suður í „Markaskurðsendann efri“ og skal frá Efri-Markaskurðsendanum „Prístein“ bera í skarðið í Hagafjalli. Síðan ræður mörkum skurðurinn að „Markarífi“ og Stefnan frá Markarífi fram í „Markavörðu“ (austustu vörðuna) á Öldunni, og ber hún frá sjóð [svo] að sjá í Skógsnes eða sem næst í Eystri enda Vörðufells.

Milli Ragnheiðarstaða og Syðrivallar ræður merkjum stefna frá vestasta „Prísteini“ beint vestur í „Vatnsvirkid“ í landnorðurshorni „Miklavatns“.

¹¹ Landamerkjälög, nr. 5/1882.

¹² Gott dæmi um afkáraleg landamerki má finna í gamalli landamerkjalyýsingu fyrir jörðina Götur í Mýrdalshreppi: „... þá ræður úr vesturenda hennar [Saurakeldu,] lækjarkelda norður með Rofa slægjum fyrst og síðan norður með allri Gatna brún milli Gatna og Reynslands svo vestarlega, eptir 450 ára gömlu markaskjali, að ríðandi maður sjáist af bænahúsi (sem hafði verið í Inna-Hvammi) ...“ Heimild: Sýslumaðurinn í Vík 2007.



Landamerki Ragnheiðarstaða eins og þau eru dregin í Jarðagrunni FMR.¹⁴

Milli Ragnheiðarstaða og Gaulverjabæjar ræður merkjum „Miklavatn“, síðan frá vatninu stefna bein úr Vörðunni á vesturbakkanum í „Nauthól“ (eystri hólinn).

Milli Ragnheiðarstaða og Loftstaða ræður bein stefna úr sama hól í „Markastein“ í fjörunni, sem er merktur: M.S.T.¹³

Ný lög um landamerki o.fl. nr. 41 voru samþykkt á Alþingi árið 1919 með gildistöku 1. janúar 1920. Þau hljóða í grundvallaratriðum eins og löggin frá 1882 en bera þó merki nýs tíðaranda og búskaparhátta sem þá voru að ryðja sér til rúms. Þessi lög eru enn í gildi.

[1. grein] Þar sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett

greinileg merki, er löglega sé við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrétti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kaupþúna, ef skipt land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skipt er úr landi jarðar.¹⁵

Breyttir búskaparhættir

Þegar líða tók á 20. öldina breyttist hagur sveitanna umtalsvert. Fyrst er að nefna mikla fólksfækkun í dreifbýli en vegna aukinnar velmegunar í þéttbýli byrjaði fólk að streyma úr sveitunum á mölina. Afskekktar jarðir og byggðir fóru í eyði. Þannig fór til dæmis fyrir byggðum í Vöðlavík, Loðmundarfirði, Héðinsfirði og víðar.

Í kringum heimsstyrjöldina síðari hófst svo jarðrækt og framræsla votlendis af fullum krafti. Á árunum 1942 til 1993 er talið að um 32 þúsund

¹³ „Landamerkjalysing fyrir Ragnheiðarstaði í Gaulverjabæ árið 1883“, Sýslumaðurinn á Selfossi 2007.

¹⁴ Afmörkun jarðar eins og birtist í Jarðagrunni FMR 14. nóv. 2007. Nánar er fjallað um Jarðagrunninn og tilurð hans síðar í greininni. Undirliggjandi loftmynd er frá Loftmyndum ehf.

¹⁵ Lög um landamerki, nr. 41/1919

kílómetrar af framræsluskurðum hafi verið grafnir á Íslandi og ræktað land stækkað stórum á kostnað móa og mýrlendis.¹⁶ Rannsókn Hlyns Óskarssonar á framræslu lands á Vesturlandi sýnir að þar eru einungis eftir um 18% votlendis frá því fyrir tilkomu skurðgröfunnar. Á landsvísu væri samkvæmt þeim tölum búið að ræsa fram um 4500 ferkílómetrar lands.¹⁷ Slík bylting á ásynd lands gerði það að verkum að gömul örnefni týndust sem sum hver lýstu landamerkjum eigna.



Fyrsta skurðgrafa Ræktunarsambands Landeyja, Prestmann, að störfum við bæinn Skipagerði í Vestur-Landeyjum.¹⁸

Menningarbylting varð einnig í sveitum með aukinni vélvæðingu. Hætt var að sitja yfir ám, orfið og ljárin voru lögð til hliðar og í staðinn geystust bændur allt í einu um á öflugum vinnuvélum sem slá tugi hektara lands á skömmum tíma og rúlla upp heyinu. Með auknum heyfeng af heimatúnunum var ennfremur hætt að heyja úthey þ.e. slá flóa og mýrar. Þau lönd voru oft litlir blettir langt frá bæjum en þóttu mikils virði. Með þessum breytingum hefur því þekking á landslagi og nauðsyn örnefna til þess að skipuleggja hversdagsverk eins og slátt, sléttun túna eða til að finna fúlgurnar sínar nær horfið. Með auknum hraða þjóðfélagsins,



Landamerkjasteinn á landamerkjum Tyrfringsstaða í Skagafirði. (Mynd birt með leyfi Byggðasafns Skagafjarðar.)

breyttum búskaparháttum, vélvæðingu og bættum samgöngum hafa landeigendur nú meira hugann við örnefni lengra í burtu en á jörðinni heima hjá sér.

Síðasta breytingin sem hér er nefnd í landslagi íslensks landbúnaðar er þróun síðasta áratugar eða svo. Jarðaverð hefur hækkað mikið og þykja jarðir nú mun vænni fjárfestingarkostur en áður. Æ algengara er að jarðir séu keyptar og nýttar í öðrum tilgangi en til landbúnaðar. Bæði leitar fólk eftir að nota jarðir til frístundabúsetu og einnig eru til þeir sem líta á jarðir sem góðan fjárfestingarkost.¹⁹ Þá er einna helst horft til nýtingar hlunninda eins og laxveiði, jarðvarma og vatnsaflsvirkjunarkosta. Þetta gerir það að verkum að nú þekkja margir landeigendur ekki vel til örnefna og staðhátta á eignum sínum.

Umrædd þróun hefur gert það að verkum að landamerkjalyðsingarnar frá seinni hluta 19. aldar eru að úreldast. Erfitt er fyrir ókunnuga, 120 árum eftir skrif þeirra, að átta sig og staðsetja landamerki eftir þeim. Þeir eru orðnir fáir sem þekkja vel til og margir löngu fluttir úr sveitunum.

¹⁶ Óttar Geirsson, „Framræsla mýrlendis“, birt í *Íslensk votlendi : verndun og nýting*, ritstjóri Jón S. Ólafsson, Háskólaútgáfan, Reykjavík 1997, bls. 269-271.

¹⁷ Hlynur Óskarsson, „Framræsla votlendis á Vesturlandi“, birt í *Íslensk votlendi : verndun og nýting*, ritstjóri Jón S. Ólafsson, Háskólaútgáfan, Reykjavík 1997, bls. 121-129.

¹⁸ Mynd fengin úr myndasafni Austur-Landeyinga, sjá www.austurlandeyjar.net, skoðuð 14. nóv. 2007.

¹⁹ Bergþóra Njálja Guðmundsdóttir og Freysteinn Jóhannsson, „Uppkaup á jörðum - öflugþróun eða framþróun?“ Morgunblaðið, sunnudagur 27. ágúst 2006.

Það er því miður að ekki hefur enn verið farið markvisst í það að hnitsetja gömlu landamerkjalýsingarnar og koma þeim þannig á aðgengilegra og varanlegra form. Í 29. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, segir að sveitarstjórnir eigi að halda skrá um allar jarðir og lóðir innan sveitarfélagsins í landeignaskrá sem hefði „... tilvísun í afmörkun og eignarhald í samræmi við þinglýstar heimildir.“²⁰ Ekkert sveitarfélag hefur enn uppfyllt þetta skilyrði en sum sýna þó nálgæða afmörkun jarða á aðalskipulagsuppráttum.

Staða landamerkjaskráningar í dag

Eins og sagt var hér að framan hefur hið opinbera ekki haft frumkvæði að hnitsetningu eignamarkna á Íslandi. Engar skýrar reglur eru til um hvernig standa eigi að slíkri hnitsetningu enda misræmi bæði í mælingu og framsetningu gagna. Einkennandi fyrir flest uppmæld landamerki í dag er að þeim er oftast ekki lögformlega þinglýst, þ.e.a.s. að leita verður til gömlu landamerkjalyfinganna til þess að sjá hvar eiginleg eignamörk liggja.

Hvatinn að hnitsetningu landamerkja hefur verið af margvíslegum toga. Mikið hefur safnast af landamerkjum við gróðurkortagerð Náttúrufræðistofnunar Íslands (áður Rannsóknastofnun landbúnaðarins, RALA). Eins hafa Vegagerðin og Landsvirkjun safnað landamerkjum við undirbúning framkvæmda á sínum vegum t.d. við val á nýjum vegstæðum eða við undirbúning virkjanaframkvæmda. Þá hefur framtak einstaklinga einnig verið töluvert á þessu sviði.

Flestum þessara landamerkja sem nefnd er hér að ofan hefur verið safnað í einn gagnagrunn í verkefni á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnið nefndist Nytjaland. Nytjalandsverkefninu er nú lokið hvað söfnun landamerkja

snertir en afrakstur þess er nú í eigu og vörslu Fasteignamatís ríkisins undir nafninu Jarðagrunnur FMR.

Með Nytjalandsverkefninu var í fyrsta sinn hægt að fá heildaryfirlit yfir stærð og afmörkun jarða á Íslandi á einum samræmdum landfræðilegum grunni. Grunni sem kannski er ekki gallalaus en opnar mikla möguleika á frekari framþróun.²¹ Hafa verður þó í huga að gæði þeirra gagna sem finna má í Jarðagrunninum eru ærði misjöfn og þar sem lóðir eru ekki afmarkaðar sérstaklega í grunninum geta mældar stærðir jarða sem mikið er búið að skipta úr verið villandi. Því er mikilvægt að taka gögnunum með ákveðnum fyrirvara þegar þau eru notuð sem heimild fyrir legu eignamarkna jarða.

Horfa verður hins vegar til þess að tilgangur verkefnisins Nytjaland var ekki skráning eignamarkna fasteigna. Ráðist var í verkefnið til að afla upplýsinga um bújarðir á Íslandi m.a. að undirlagi gæðastýringar í landbúnaði. Á heimasíðu Nytjaland er tilgangur verkefnisins útlistaður:

- Að safna upplýsingum um bújarðir landsins og skrá í samræmdan gagnagrunn. Þessar upplýsingar taka til landkosta, svo sem gróðurs, ástands landsins, landamerkja, landslags og stærðar helstu landeininga.
- Að unnt verði að nota upplýsingarnar til þess að leiðbeina um notkun lands, forgangsraða og skrá landgræðsluverkefni og votta framleiðslu í samræmi við reglur um sjálfbæra nýtingu landsins.
- Að mynda aðgengilegan gagnagrunn til að nota við skipulag sveitarfélaga á hagkvæman hátt.
- Að bændur fái tæki til að skipuleggja landnýtingu á bújörðum.
- Að gagnagrunnurinn ásamt öðrum upplýsingum um jarðir og búskap myndi Jarðabók Íslands.²²

²⁰ Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, 29. gr.

²¹ Sjá nánar viðtal við Ólaf Arnalds forsvarsmanns verkefnisins í: Helgi Bjarnason, „Gaman að sjá verkefnið ganga upp, Ný Jarðabók Íslands er þjóðareign og verður aðgengileg á netinu“, grein, Morgunblaðið, 15. mars, 2006.

²² „Nytjaland - Jarðabók Íslands“, Landbúnaðarháskóli Íslands 2007, www.nytjaland.is, skoðuð 3. nóv. 2007.


Á vegum Nyttjalandsverkefnisins var safnað saman frá ýmsum aðilum öllum þeim uppdráttum sem til voru af landamerkjum. Sumir dregnir upp eftir gervitunglamælingum, aðrir gerðir á loftmyndir og kort í ýmsum mælikvörðum.

Til þess að ná inn landamerkjum þeirra jarða sem hvergi voru fáanleg uppteiknuð á kort var farið í sveitirnar og landeigendur kallaðir á landamerkjafund þar sem landamerkjalinur voru dregnar inn á gervihnattamynd eftir tilsögn landeiganda. Oft kom það fyrir að enginn mætti frá sumum jörðunum og var þá leitað til nágranna eða annarra staðkunnugra um að hjálpa við að færa inn landamerkjalinuna. Ekki var leitað formlegs samþykkis eigenda aðliggjandi jarða um réttleika landamerkja og deilumál látin liggja milli hluta. Einungis var horft til jarða en ekki til lóða og sumarbústaðalanda nema gögn um afmörkun þeirra bærust verkefninu sérstaklega.

Haustið 2006 tók Fasteignamat ríkisins við gagnagrunni Nyttjaland, eignarhaldi, viðhaldi og ábygð, svo úr varð Jarðagrunnur FMR. Þennan grunn nýtir Fasteignamat ríkisins fyrst og fremst til staðsetningar jarða á landsbygðinni og til að áætla umfang þeirra.

Varla þarf að nefna það að Jarðagrunnur FMR er ekki hentug heimild fyrir þá sem þurfa á lögformlega hnitsettum landamerkjalinum að halda, t.a.m. við gerð afsals fasteigna, afmörkun nýrra lóða, við úrlausn landamerkjadeilna eða sem rökstuðning við gerð þjóðlendislínu. Í slík verkefni var grunnurinn alls ekki ætlaður.

Þó svo að ekki séu til nákvæm hnitsett gögn sem sýna eignamörk á Íslandi virðist það ekki hafa komið mikið að sök. Enda hefur ekki verið mikið um það að landamerkjadeilur rati í dómssali á Íslandi. Fyrir því má færa nokkrar ástæður. Það að reka landamerkjámál fyrir dómstólum er tímafrekt



Prívíddarmynd af Vídidal í Húnaþingi vestra. Flokkun Nyttjaland í gróðurlendi og landamerki lögð ofan á hæðarlíkan.²³

og kostnaðarsamt ferli sem hefur hingað til ekki staðið vel undir sér ef mið er tekið af landverði og fjárhagslegum ávinningi. Málarekstur getur líka skemmt stórlega fyrir vinskap milli nágranna í litlum samfélögum og því eru erfið mál gjarnan látin kyrr liggja.

Nú virðist sem þetta sé að breytast því fjöldi landamerkjamála hefur aukist fyrir Hæstarétti. Ef skoðaðir eru dómur Hæstaréttar sést að fjöldi dómsmála sem tengjast landamerkjum eru á árunum 2000-2005 á bilinu 0-3 á ári. Annað er uppi á teningnum árið 2006 þegar 11 landamerkjámál voru tekin fyrir dóm og á fyrstu 11 mánuðum 2007 hefur þegar verið dæmt í 16 slíkum málum við Hæstarétt.²⁴ Er fjöldi þjóðlenduúrskurða helsta ástæða þessarar aukningar enda hafa þeir mikið verið í umræðunni að undanfögnu.

Afmörkun þjóðlendna

Óvissa hefur verið um legu landamerkja milli eignarlands og þess lands sem liggur þar fyrir utan í óbyggðum Íslands. Til þess að eyða þessari óvissu voru sett lög um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998. Megininntak þeirra laga er að landsvæði

²³ Mynd fengin af www.nyttjaland.is, skoðuð 16. nóv. 2007. Birt með góðfúslegu leyfi.

²⁴ Dómasafn Hæstaréttis Íslands, Hæstiréttur Íslands, vefsíða: www.haestirettur.is, skoðuð 16. nóv. 2007.

utan eignarlanda er skilgreint sem þjóðlenda í eigu íslenska ríkisins þó svo aðrir geti átt þar takmörkuð afnotaréttindi. Til þess að vinna þetta verk var stofnuð nefnd er ber heitið Óbyggðanefnd sem hefur það hlutverk að úrskurða um afmörkun þjóðlendna og takmarkaðra réttinda sem aðilar geta átt innan hennar.²⁵

Óbyggðanefnd byggir marga úrskurði sína á landamerkjalýsingunum frá því á seinni hluta 19. aldar. Segir í einum dómi Hæstaréttar um gildi landamerkjabréfa:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.²⁶

Við ákvörðun þjóðlendulínu hefur verið farin sú leið að byggja á hinni gömlu hefð um gerð landamerkjalýsinga í stað þess að hnitsetja línuna. Má telja það bagalegt að ekki var gengið lengra í afmörkun þjóðlendanna strax í upphafi því nú er við því að búast að deilur rísi um hvar einstaka örnefni liggja þegar markalínan verður loksins dregin með tilheyrandi nákvæmni inn á kort.²⁷

Aftur á móti má segja að með afmörkun þjóðlendna hafi verið stigið mikilvægt skref í afmörkun landeigna á Íslandi. Með þjóðlendlögum er leyst úr þeim ágreiningi hversu langt eignarlönd ná upp til fjalla og óbyggða sem síðar meir auðveldar uppþælingu þeirra.



Landamerkjasteinn í landi Bakka í Viðvíkursveit, Skagafirði. Til þess að tryggja sýnileika merkjanna hefur verið steypt ofan á steininn. (Birt með góðfúslegu leyfi Bygðasafns Skagafjarðar).


Uppmæling landamerkja

Á síðustu árum hefur það fæst í vöxt að landamerki jarða hafa verið mæld upp og afmörkun þeirra þinglýst með hnitum. Til þessa hefur engin samræmd aðferðafræði verið til um hvernig þetta skuli framkvæmt og því er framsetning gagna og mælinga æði misjöfn. Ennfremur hafa ekki verið gerðar forkröfur af hálfu stjórnvalda til slíkra uppþælinga eða til þeirra sem þær framkvæma. Í dag getur hver sem er búinn landmælingatækjum eða uppréttri loftmynd hnitsett eign sína, leitað samþykkis fyrir merkjunum hjá nágrönnum sínum og þinglýst athugunarlaust af hálfu stjórnvalda. Þetta er bagalegt ef horft er til þess að það er margt sem getur farið úrskaiðis í þessu ferli og valdið vandræðum síðar.

²⁵ Sjá nánar í: „Almennar niðurstöður Óbyggðanefndar í máluum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)“, Óbyggðanefnd, Reykjavík 2004, sjá vefsíðu: <http://obyggdaneind.is/serprentun.pdf>, skoðuð 19. nóv. 2007.

²⁶ Dómur Hæstaréttis Íslands nr. 48/2004.

²⁷ Sif Guðjónsdóttir, „Þjóðlendlur og eignarlönd - gagnaöflun, skilgreining og skráning eignamarka“, erindi á ráðstefnunni Landupplýsingar 2007 á vegum LÍSU samtakanna 17. október 2007.



Landrek á Íslandi og eldvirk svæði. Vektoranir sýna tilfærslu einstakra mælistöðva á milli mælinganna 1993 og 2004.²⁸

Með hnitsetningu landamerkjá er átt við að í stað landamerkjálýsinganna, sem áður var notast við, eru landamerkjapunktur mældir upp í samræmdu hnitakerfi með vissu millibili. Kostir uppmælingar eru þeir að þá verður lega landamerkjanna ótvíræð í eitt skipti fyrir öll í stað þess að treysta verði á misvitra túlkun um legu einstakra örnefna eða fornra farvega í hvert sinn sem gengið er á merki.

Hnitsetning landamerkjá vekur hins vegar ákveðnar spurningar sem gömlu landamerkjálýsingarnar gerðu ekki. Í fyrsta lagi getur það reynst

tímafrekt og erfitt í umsýslu að hnitsetja eignamörk sem liggja eftir hlykkjóttum farvegum vatnsfalla sem áður var lýst með einfaldri textalýsingu. Í öðru lagi gerir síbreytileiki íslensks landslags og eilífar jarðskorpuhreyfingar mælingamönnum erfitt fyrir. Landamerki á Íslandi eru að mörgu leyti í eðli sínu síbreytileg. Þau fylgja ám og giljum, jöklum, misfellum í landslagi og strandlínu, sem hreyfast frá ári til árs. Um leið og búið er að hnitsetja eignamörkin er búið að taka fyrir þennan hreyfanleika nema annað komi til.

²⁸ Myndir birtar með góðfúslegu leyfi Guðmundar Valssonar hjá Landmælingum Íslands.

Jarðvirkni og jarðskorpuhreyfingar hafa einnig áhrif á hnitakerfið sem við vinnum með við mælingar. Ísland er ekki einungis að klofna í sundur á flekaskilum Evrópu og Norður-Ameríku flekanna því margs konar staðbundnar hreyfingar eru jafnframt í gangi. Sjá mátti augljós merki staðbundinnar gliðunar bæði við Kröfluelda undir lok áttunda áratugar síðustu aldar og við Suðurlandsskjálftana árið 2000.²⁹

Á þessu má sjá að Ísland er afar sérstakt í jarðfræðilegu tilliti sem leiðir okkur að spurningunni hvort hnitsetning landamerkja sé varanlegur kostur þegar til langs tíma er litið. Hvort gliðnun landsins geti í raun skekkt hnitakerfið það mikið með tímanum að eldri mælingar verði í uppnámi? Hvort ekki þurfi að treysta varanleika uppmældra landamerkja með sýnilegum merkjum á eignamörkum eins og jarðföstum landamerkjasteinum eða landamerkjateinum.

Þessu er svarað á þann veg að svo lengi sem regluleg uppfærsla á landshnitakerfi fyrir Ísland á sér stað og að mældar upplýsingar hafi dagsetningu og séu „hengdar“ við það kerfi sem það er mælt í á þetta ekki að vera vandamál. Varpa má upplýsingunum milli kerfa þ.s. fjöldi fastra mælistöðva mun lágmarka staðbundna skekkju. Vissulega verður einhver skekkja við það að varpa gögnum á milli mismunandi landshnitakerfa en hún er það óveruleg að ekki ætti að koma að sök.³² Á hinn bóginn hefur þýðingu fyrir landeigendur að afmarka fasteignir sínar með sýnilegum merkjum til þess að auðkenna í landslagi hvar þær liggja. Það er kostnaðarsamt að kalla til landmælingamann í hvert sinn sem einhver þarf að vita hvar landamerki liggja svo kostnaður við gerð sýnilegra landamerkja ætti að geta borgað sig upp á ekki svo löngum tíma, sérstaklega á mikilvægum stöðum.



Landamerkjasteinn milli Austurríkis og Þýskalands³⁰ og bandarískur landamerkjateinn.³¹

Þegar kemur að þinglýsingu uppmældra landamerkja þarf að varast margt. Með hugtakinu „uppmæling landamerkja“ felst að þær fasteignir sem landamerkin afmarka eru þegar til og jafnvel skilgreindar hvort sem það er með textalýsingu, afstöðumynd eða samkvæmt ónákvæmum mæl-

²⁹ Sján nánari umfjöllun í: Guðmundur Þór Valsson, Þórarinn Sigurðsson, Christof Völksen og Markus Rennen, *ISNET2004 - Niðurstöður úr endurmælingum Grunnstöðvanets Íslands, Landmælingar Íslands, Akranes 2007.*

³⁰ Mynd fengin af vefsíðunni: <http://jungholz.enclaves.org/>, skoðuð 12. nóv. 2007.

³¹ Mynd fengin af vefsíðunni <http://www.unm.edu/~creelbm/pages/benchmark/blmbm2.jpg>, skoðuð 4. nóv. 2007.

³² Guðmundur Valsson, sérfræðingur á Landmælingum Íslands, tölvupóstur 1. okt. 2007.

ingum. Uppmæling landamerkja er því ólík þeirri athöfn þegar ný landamerki eru skilgreind við stofnun lóðar því þá er einn og sami eigandinn að upprunalandinu og þeirri lóð sem verið er að stofna.

Hafa ber í huga að þegar mæld eru upp landamerki jarðar að þau merki hafa að sjálfsögðu áhrif á merki aðliggjandi jarða. Ekki einungis þær jarðir sem liggja samhliða þeirri jörð sem verið er að mæla upp heldur einnig þau lönd sem tengjast viðkomandi jörð í sameiginlegum landmerkjapunkti eða liggja innan ytri marka jarðarinnar. Því er nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar gögn frá öllum nærliggjandi jörðum þegar landamerki eru mæld upp.

Áður fyrr voru landmælingar tímafrekt og kostnaðarsamt fyrirtæki sem krafðist langs háskólanáms og mikillar sérhæfðrar kunnáttu á sviði stærðfræði þar sem hnattstaða var reiknuð út frá afstöðu mælipunkts til sólar og stjarna og annarra mælipunkta, þ.s. gerð þríhyrningans var lagt til grundvallar. Á síðari áratugum hefur ný tækni auðveldað landmælingar á allan hátt og aðstæður því nokkuð breyst, enda þótt mikillar kunnáttu sé ennþá krafist við landmælingar, t.a.m. uppmælingu landamerkja.

Í dag er fyrst og fremst notast við tvær aðferðir við staðarákvörðun landamerkjapunkta, gervitunglamælingar og fjarkönnun. Hér á eftir verður farið nánar í aðferðafræði mælinganna en framsetning gagnanna og aðferð við val á mælipunktum tekið betur fyrir í kaflanum um gerð landamerkjafirlýsingar til þinglýsingar.

Gervitunglamælingar

Staðarákvörðun með aðstoð gervitungla og sérstaks móttökubúnaðar hefur löngum verið nefnd GPS (Global Positioning System) tækni eftir staðsetningarkerfi bandaríska hersins. Rússar viðhalda svipuðu kerfi sem kallast

GLONASS (Global Navigation Satellite System) og í bígerð er einnig kerfi á vegum evrópsku geimferðastofnuninnar ESA (European Space Agency) sem mun heita Galileo.

Gervitunglamælingar byggja á kerfi gervihnatta á sporbaug um jörðu sem senda frá sér skilaboð um eigin staðsetningu og tíma. Móttökutæki á jörðu niðri lesa boðin og reikna staðsetningu sína út frá þeim. GPS og GLONASS nota í þessu skyni 24 gervihnetti, hvort kerfi um sig, sem sveima stanslaust yfir jörðu í um 20 þúsund kílómetra hæð. Brautum hnattanna er hagað þannig að alltaf séu fjórir gervihnettir sýnilegir hvar sem maður er staddur á jörðinni.

Hefðbundin gervihnattastaðsetningartæki byggja nær einvörðungu á tækninni sem er útskýrd hér að framan. Með þessari tækni er hægt að ná um 10-15 metra staðarnákvæmni í plani. Nýrri tæki bjóða jafnframt upp á innbyggðan leiðréttingarbúnað og er þá hægt að ná u.þ.b. 2-5 metra nákvæmni í plani. Nákvæmni í hæðar-ákvörðun er yfirleitt mun lakari.

Dýrari tæki bjóða upp á enn meiri nákvæmni í mælingu. Þau keyra oft á hvoru tveggja GPS og GLONASS, hafa auka viðmiðunarstöð og beita eftirvinnslu til þess að reikna enn fullkomnari staðarákvörðun. Nákvæmni þessara tækja getur verið svo mikil að einungis skeikar millimetrum.³³

Þó svo að tækninni hafi fleygt fram í gervitunglamælingum og tækin verði sífellt nákvæmari þá þarf kunnáttu til þess að beita þeim rétt. Tækið þarf að vera rétt upp sett með tilliti til hnitakerfis og viðmiðunar, framkvæmd mælinganna þarf að byggja á þekkingu og reynslu og svo skiptir rétt úrvinnsla mælinga og framsetning niðurstaðna miklu máli.

Það er því ljóst að ekki getur hver sem er keypt sér gervitunglamælitæki, hlaupið út í mörkina og byrjað að mæla upp landamerki. Æskilegar kröfur er að viðkomandi þekki vel inn á tækið sem hann vinnur á og tæknina sem liggur að baki, því annars á

³³ B. Hofmann-Wellenhof, K. Legato og M. Wieser, *Navigation, principles of positioning and guidance*, Springer-Verlag, Vín 2003.

hann í erfiðleikum að meta eiginleika og gæði þeirra upplýsinga sem hann safnar. Ennfremur þarf hann að kynna sér vel hvernig framsetningu gagnanna sé best háttað eins og síðar verður rakið.

Fjarkönnun

Hægt er að spara sér sporin við að heimsækja hvern einasta mælipunkt og áætla staðsetningu hans eftir öðrum leiðum. Þar kemur fjarkönnunartækni vel að notum, en í henni felst hvers konar upplýsingaöflun byggð á rannsóknum úr fjarlægð, svo sem með ljósmyndun eða laser- og radarmælingum.

Á síðasta áratug hefur tækninni fleygt fram við töku og vinnslu loftmynda. Elstu loftmyndirnar af Íslandi eru frá 1937-38 teknar á vegum danskra landmælingamanna sem þá voru að kortleggja landið. Skömmu síðar tóku Bretar, Þjóðverjar og Bandaríkjamenn margar myndir í tengslum við hernaðarbrölt sitt í síðari heimsstyrjöldinni. Síðan þá má segja að loftmyndir hafi reglulega verið teknar af Íslandi. Lengst af voru Landmælingar Íslands einráða á markaðnum, ef frá eru talin einstök loftmyndaverkefni á vegum erlendra aðila.³⁴ Samtals eru í loftmyndasafni Landmælinga Íslands um 140.000 loftmyndir frá árunum 1937-2000, flestar í svart/hvítu.³⁵

Í lok níunda áratugar tuttugustu aldarinnar fór að bera á einkaframtaki í loftmyndatöku af Íslandi. Fyrst má nefna fyrirtækið Loftmyndir ehf. sem hóf að taka loftmyndir af Íslandi árið 1996.³⁶ Árið 2000 hóf svo verkfræðistofan Hnit ehf. einnig að taka loftmyndir.³⁷

Með innkomu einkaaðila að loftmyndatöku af Íslandi og hraðri tækniþróun í vinnslu þeirra má segja að stórt skref hafi verið stigið í kortagerð af Íslandi. Byrjað var á að rétta upp loft-

myndir og vinna háupplausna myndkort af Íslandi með tækni sem kallast myndmæling (e. photogrammetry).

Segja má að myndkort sé loftmynd sem hefur verið hnitsett og lagfærð með tilliti til landslags og linsþjögunar. Hægt er að framkvæma fjarlægðar- og flatarmálmælingar á myndkortum en það er illmögulegt á loftmyndum vegna áðurnefndrar þjögunar.³⁸ Sjá mynd.

Ekki má ljúka umfjölluninni um fjarkönnun af Íslandi án þess að nefna gervihnattamyndir sem hafa verið teknar af landinu með reglulegum hætti í um 35 ár. Lengi vel voru myndgæði og upplausn gervihnattamynda bágborin, samanborið við loftmyndir, enda tilgangur töku þeirra jafnan annars eðlis. Hröð tækniþróun hefur hins vegar verið á sviði gervihnattamyndatöku sem og töku loftmynda og nú eru komnir á loft gervihnettir sem geta tekið viðunandi loftmyndir af gríðarlega stóru svæði í einni myndatöku sem auðveldar greiningu og vinnslu myndanna. Myndupplausn þeirra gervihnattamynda sem mest eru notaðar í dag á Íslandi er um 2,5-5 metrar (SPOT-5) en hægt er að fá gervihnattamyndir með meiri myndupplausn t.d. frá gervihnettinum Quickbird. Verðið á myndunum fer líka eftir því hversu mikillar upplausnar er krafist. SPOT-5 myndir kosta t.a.m. einungis fjórðung þess sem borga þarf fyrir háupplausnarmynd frá Quickbird af sama svæði.

Fjarkönnunartæknin kemur mikið að notum við mælingu og skráningu landa- og lóðamerkja. Í fyrsta lagi er hún afar gagnleg við gerð skipulags og til að setja út nýjar lóðir. Þá er hægt að vinna alla skipulagsvinnuna í tölvunni án þess að þurfa að eyða dýrmætum tíma í að fara á vettvang.

³⁴ Bandaríski herinn stundaði reglulegar loftmyndatökur af Íslandi á árunum 1946-1947 og aftur 1956-1961 vegna gerða AMS korta. Allar þær loftmyndir tilheyra nú safni Landmælinga Íslands (Sígfús Ágúst Bødvarsson, *Landmælingar og kortagerð Dana á Íslandi, upphaf Landmælinga Íslands*, Landmælingar Íslands, Reykjavík 1996).

³⁵ Sjá nánar í: Þorvaldur Bragason og Magnús Guðmundsson, *Landmótun og byggð í fimmtíu ár : loftmyndir úr safni Landmælinga Íslands*, Landmælingar Íslands, Hörpuútgáfan, Reykjavík 1988; og Sígfús Ágúst Bødvarsson, *Landmælingar og kortagerð Dana á Íslandi, upphaf Landmælinga Íslands*, Landmælingar Íslands, Reykjavík 1996.

³⁶ Loftmyndir ehf., vefsíða: www.loftmyndir.is, skoðuð 12. nóvember 2007.

³⁷ Hnit ehf., vefsíða: www.hnit.is, skoðuð 12. nóvember 2007.

³⁸ B. Hofmann-Wellenhof, K. Legato og M. Wieser, *Navigation, principles of positioning and guidance*, Springer-Verlag, Vín 2003.



Munur á milli venjulegrar og uppréttrar loftmyndar. Loftmyndin er af Ólafsfjarðarmúla.³⁹

Myndkort koma einnig mjög að gagni við uppmælingu óhnitsettra landamerkja t.d. þeirra sem einungis eru til í textalýsingu sem vitnar í landslag og örnefni. Auðvelt getur verið að greina girðingar, vörður og landslag á loftmyndunum og hnita landamerkjálfnurnar þannig upp án þess að fara á vettvang eða kaupa dýran mælibúnað. Ókostur slíkrar mælingar er hins vegar sá að ekki fæst öryggi fyrir réttleika mælinganna nema með því að heimsækja punktana. Eins getur verið erfitt fyrir óvana að lesa í loftmyndir og auðvelt að ruglast í staðháttum þó svo viðkomandi sé þaulkunnugur á svæðinu.

Gerð landamerkjayfirlýsinga til þinglýsingar

Þegar uppmælingu landamerkja er lokið er næsta verk að koma niðurstöðunum á uppdrátt til þinglýsingar. Það er mikilvægt að framsetning gagnanna sé gerð með skýrum og skilmerkilegum

hætti svo að upplýsingarnar í þeim verði aðgengi- legar síðari notendum. Einnig er mikilvægt að þau uppmældu landamerki sem þinglýsa á með uppdrættinum skari ekki landamerki sem áður hefur verið þinglýst með lögformlegum hætti. Hugsa má uppmælingu landamerkja og þinglýsingu landamerkjayfirlýsingar í eftirfarandi skrefum:

- i. Forathugun á áður þinglýstum heimildum er snerta viðvíkjandi landeignir
- ii. Munnlegt samkomulag um legu landamerkja milli viðkomandi landeigenda
- iii. Uppmæling landamerkja
- iv. Gerð landamerkjayfirlýsingar er geymir hnit, afstöðumynd og skriflegt samþykki allra viðkomandi landeigenda
- v. Afrit sent til viðkomandi sveitarfélags
- vi. Úrskurður þinglýsingarstjóra um þinglýsingu nýrra marka

³⁹ Loftmyndir ehf., vefsíða: www.loftmyndir.is, skoðuð 12. nóvember 2007. Birt með góðfúslegu leyfi.

Við forathugun á áður þinglýstum heimildum er leitað til viðkomandi sýslumannsembættis. Mikilvægt er að heimildir um allar aðliggjandi landeignir séu rannsakaðar og athugað hvort landamerki þeirra hafi áður verið mæld upp og þinglýst.

Aðliggjandi landeignir eru ekki einvörðungu þær sem eiga sameiginleg landamerki og sú landeign sem verið er að mæla upp heldur einnig þær sem hafa einhvern sameiginlegan landamerkjapunkt t.a.m. þar sem margar jarðir mætast í einum sameiginlegum hornpunkti. Ef einhver af nærliggjandi landeignum á uppmæld landamerki verður að taka tillit til þeirrar mælingar eða breyta þeirri landamerkjalyngu líka. Það getur leitt til misræmis ef sama landamerkjalinan er hnitúð upp oftar en einu sinni og þinglýst. Með því að taka tillit til eldri mælinga er átt við að í stað þess að hnitsetja punktinn á nýjan leik er sérstaklega vísað í hann og þess skjals sem hann á uppruna sinn í.

Annað sem vert er að hafa í huga þegar landamerkjalinna jarða er mæld upp eru lóðir sem stofnaðar hafa verið út úr jörðum óháð því hvort þetta eru eignar- eða leigulóðir. Taka verður lóðarleiguhafa inn í ferlið ef lóð hans liggur upp að þeim landeignum sem verið er að þinglýsa til að gæta þess að eign hans skerðist ekki að ósekju.

Við framsetningu og gerð yfirlýsingar um landamerki eru nokkur atriði sem mikilvægt er að hafa í huga. Hægt er að skipta framsetningu í tvo þætti, annars vegar myndræna framsetningu þ.e. afstöðumynd og hins vegar upptalningu staðreynda í texta. Hvorugt getur án hins verið því textinn vísar í myndræna framsetningu t.d. hver afstaða landeigna er til mismunandi landamerkjapunkta og afstöðumyndin vísar í textann um nánari upplýsingar um legu og mælingu einstakra hnita.

Þær upplýsingar sem æskilegt er að komi fram eru:

- Titill. Vísun í heiti og fasteignanúmer (landnúmer) þeirra landeigna sem yfirlýsing varðar
- Framkvæmd mælinga. Mælingamaður, kennitala, undirskrift og dagsetning undirskriftar
- Niðurstöður mælinga. Hnitpunktar mælinga ásamt áætlaðri nákvæmni, ákvörðuðu frávikum, aðferð, lýsingu á því hvað mælt er hverju sinni, hnitakerfi sem notast er við, viðmiðunarmælikvarða og dagsetningu mælinga
- Vísun í afstöðumynd. Myndræn framsetning á uppmældum landamerkjum, hnitpunktar og afstaða nærliggjandi landeigna til þeirra
- Eldri skjöl. Taka þarf fram ef eldri skjöl eru felld úr gildi með þinglýsingu þessa skjals
- Staðfesting landeigenda og votta. Upptalning landeigenda ásamt landnúmerum, undirskrift, kennitölu og dagsetningu undirskriftar ásamt vottun að rétttri undirskrift og dagsetningu

Titill


Þegar titill skjalsins er valinn er mikilvægt að hann sé lýsandi og aðgengilegur þeim sem síðar munu koma til með að vinna með gögnin. Gott er að tilgreina hvaða landeignir um ræðir og í hvaða sveitarfélagi þær liggja. Hugmynd að titli er t.d. „Yfirlýsing um landamerki jarðanna Staðar, Bæjar og Hóls í Hvammsbyggð“.

Framkvæmd mælinga

Hlutverk mælingamanns er að framkvæma mælingar og útbúa endanlegt skjal til þinglýsingar. Ábyrgð mælingamanns er mikil því treysta verður á að hann komi gögnum rétt frá sér og mikilvægt að ekki sé misræmi milli þess sem stendur í texta og þess sem birtist á afstöðumynd. Til staðfestingar um ábyrgð sína og réttlæika gagna ritar hann nafn sitt undir.

Niðurstöður mælinga

Í niðurstöðum mælinga koma allar upplýsingar fram er lúta að hnitsetningu landamerkjanna. Hnitpunktana þarf að setja fram í tvívíðu plani



Dæmi um yfirlýsingu um landamerki.

ásamt áætlaðri nákvæmni mælinga. Áætluð nákvæmni er sumpart reiknanleg en hún byggist á því hver sé nákvæmni mælitækja og fjarkönnunargagna sem unnið er með. Þar spilar greinihæfni (upplausn) fjarkönnunargagnanna mikið inn í sem og sá mælikvarði sem landamerkin eru teiknuð í. Staðsetningarnákvæmni endanlegrar landamerkjálínu ræðst af nákvæmni þeirra punkta sem mynda hana og fjöldi punkta ef landamerkjálínan er t.a.m. hlykkjótt. Til að takmarka fjöldi punkta er gott að hnitsetningin miðist við ákveðinn mælikvarða þ.e.a.s. að útsett lína endurspegli vel legu landamerkja í tilgreindum viðmiðunarmælikvarða. Nákvæmni mælinga er mæld í metrum.

Hugtakið ákvarðað frávik er nýlunda sem er kynnt til sögunnar hér. Með ákvörðuðu frávikum er mælingamanni gert kleift að setja niður landamerkjapunkt með ákveðinni óvissu svo ekki þurfi að taka afstöðu á þeim tímapunkti til nákvæmrar staðsetningar hans. Þetta getur átt við um legu landamerkja á fjöllum þar sem landamerki liggja eftir farvegum vatnsfalla eða þar sem deilur eru um nákvæm eignamörk. Ef landeigendur greinir síðar meir á um nákvæma

legu landamerkjanna þarf að skoða það sérstaklega.

Með þessari aðferð er auðveldara að vinna að uppmælingu landamerkja með skjótum hætti og treysta á fjarkönnunargögn í því skyni í stað þess að ganga á hvern punkt með landmælingatæki. Með þessu þarf líka færri punkta til að mæla upp hlykkjótt landamerki og svo gefur þetta landamerkjum sem í eðli sínu eru breytileg, eins og vatnsföll, svigrúm til náttúrulegrar þróunar innan eðlilegra marka. Ákvarðað frávik er mælt í metrum frá mælipunkti. Aðferðinni má líkja við að dregin sé upp þykkari landamerkjálína en afstaða ekki tekin til hvar landamerkin liggja nákvæmlega innan hennar. Með því að spila með viðmiðunarmælikvarða og ákvarðað frávik á að vera auðvelt að setja út línu fyrir hlykkjótt landamerki án þess að fjöldi mældra hnitpunkta verði óhóflegur.

Aðrar upplýsingar sem þurfa að koma fram er lýsing á mæliaðferð þ.e.a.s. hvort hnitpunkturinn var fenginn með notkun landmælingatækis eða fjarkönnunartækni. Lýsing á þeim tækjum og gögnum sem notast er við verður að vera í skjalinu svo sem tegund landmælingatækis eða uppruni

fjarkönnunargagna (samanber loftmyndafyrirtæki, tímasetning loftmyndatöku og flughæð). Jafnframt stutt lýsing á því sem hnitað er hverju sinni s.s. örnefni, vísun í landslagsfyrirbæri eða texta eldri landamerkjalyðsingar, ásamt upptalningu á þeim landeignum sem merki eiga í viðkomandi punkti. Á endanum þarf að koma fram tímasetning mælinga og hvaða hnitakerfi notast er við.

Vísun í afstöðumynd

Afstöðumynd sýnir legu uppmældra landamerkja ásamt vísun í þær landeignir sem merkin taka til. Sem bakgrunnslag er nauðsynlegt að birta einhvers konar grunnupplýsingar til þess að setja legu landamerkjanna í samhengi við landslag í kring hvort sem það er kortagrunnur eða myndkort. Draga skal landamerkjalinu milli einstakra punkta sem hverjum og einum er gefið einkvæmt númer svo auðvelt sé að vísa til þeirra í texta. Ekki er þörf á að dregnar séu landamerkjalinur á móts við sjó eða vatn sem er breiðara en 230 metrar (netlög), en auðkenna þarf hvernig landamerkjalinur liggja í vatni ef landeigninni tilheyrja eyjar eða sker.

Að öðru leyti er ekki gott að birta of mikið af efni á afstöðumyndinni svo hún verði ekki ofhlaðin upplýsingum. Vitaskuld þurfa þó á henni að vera skýringar s.s. upplýsingar um mælikvarða, norðurátt og útlíun á mismunandi gerð lína og tákna sem á birtast á myndinni. Reyna skal að hafa afstöðumyndina í stærðinni A4, á endingargóðum pappír en ekki er nauðsynlegt að hafa undirskrift landeiganda á henni ef hún er birt sem fylgiskjal við texta. Sumir hafa þó leiðst til þess að hafa afstöðumyndina og upptalningu staðreynda í einu og sama skjalinu sem er handhægt ef hægt er að koma því þannig fyrir.

Ógilding eldri heimilda

Ef til eru eldri heimildir um staðsetningu landamerkjanna sem ekki eiga að gilda lengur þarf að taka það fram sérstaklega í nýju yfirlýsingunni.

Það getur hins vegar þjónað tilgangi að skila inn uppdrætti og hnitalista sem viðauka við eldri landamerkjalyðsingu án þess að hún sé sérstaklega ógilt. Með þessu er hægt að hnita upp örnefnin sem landamerkjalyðsingin vísar í, án þess að farið sé í kostnaðarsama uppmælingu á hlykkjóttum landamerkjum þar sem þau liggja eftir skýrum landslagsfyrirbærum, svo sem ám, giljum eða fjallshryggjum. Þannig væri hægt að flýta og auðvelda vinnuna á mörgum stöðum og kostnaður yrði minni. Þetta þarf hins vegar að taka sérstaklega fram í yfirlýsingunni sem þá fjallaði ekki lengur um hnit landamerkja heldur „staðsetningu örnefna í landamerkjalyðsingu“.

Með svipuðum hætti gætu eldri heimildir gagnast áfram enda þótt landamerki hafi verið uppmæld, t.a.m. í litlum viðmiðunarmælikvarða. Þó svo að uppmæld lína fylgi landamerkjunum nokkurn veginn í ákveðnum mælikvarða þá fylgir hún landslagsfyrirbæri sem í stærri mælikvarða getur verið nokkuð á skjön við uppmælda línu.

Undirskrift landeigenda og votta

Að lokum þarf að gera grein fyrir öllum landeignum ásamt landnúmerum sem hlut eiga að máli og hafa nægilegt pláss til að þinglýstir eigendur viðkomandi landeigna geti undirritað nafn sitt til staðfestingar. Nú er það svo að í mörgum tilfellum skiptir fjöldi eigenda að einni landeign tugum. Til að mynda má sjá í Landskrá fasteigna nokkur dæmi þar sem í kringum 50 eigendur eru skráðir fyrir einni og sömu jörðinni. Í þessum tilvikum er best að útbúa umboð sem gefur einum einstaklingi sérstaklega heimild til þess að undirrita yfirlýsingu um landamerki viðkomandi eignar, fyrir hönd annarra eigenda.

Umhugsunaratriði

Nokkur atriði þarf að hafa í huga við gerð landamerkjauppdráttar til þinglýsingar. Fyrst er að nefna að afstöðumynd og textinn eru eins og sitt hvor hliðin á sama peningi og hvorugt getur án

UMBOD

Við, Jón Jónsson kt. 010150-1199, Sigurður Sigurðsson, kt. 030330-3399, Bjarni Bjarnason, kt. 040440-4499, og Karl Karlsson, kt. 050550-5599, eigendur jarðinnar **Brekku í Borgarbyggð, landnúmer 123456**, veitum hér með Sigríði Sigurðardóttur, kt. 020260-2299, umboð til undirritunar yfirlýsingar um landamerkjapunkta jarðinnar Brekku í Borgarbyggð.

Borgarnes, 8. nóvember 2007

Vottar að rétti dagsöfnungu, undirskrift og fjáræði:

_____ kt. _____

_____ kt. _____

Dæmi um umboð þar sem einum aðila er gefin heimild til undirritunar landamerkjayfirlýsingar af eigendum landeignar.

hins verið. Afstöðumyndin á hins vegar líka erfitt með að standa ein og sér og því þurfa þessi tvö form framsetningar að kallast á og eiga að vera í takt hvort við annað.

Ekki er gott að birta landamerkjalyýsingu sem viðauka í yfirlýsingu um landamerki ef uppmæling landamerkjanna er hugsuð sem sjálfstæður viðauki við hana, til að staðsetja einstök örnefni sem í henni eru. Eldri landamerkjalyýsingin fellur í raun ekki úr gildi nema hún sé ógild með sérstakri yfirlýsingu. Hins vegar er gott að vitna til örnefna og kennileita þegar hnitpunktar eru mældir upp.

Sú staða gæti komið upp að landamerki sýnd á afstöðumynd, landamerki talin upp í hnitum í texta og landamerkjalyýsing fyrir einu og sömu landamerkin passi ekki saman. Engin reynsla er komin hér á landi um hvað er gert í slíkum tilvikum og hvaða heimild hafi mesta sönnunargildið. Umhugsunarvert er hvort vægi landamerkjalyýsingar og afstöðumyndar hafi meira sönnunargildi fyrir dómi en upptalning hnita

í texta þ.s. samþykki aðliggjandi landeigenda fyrir réttleika þeirra er mun afdráttarlausara. Landeigendur skrifa ekki undir réttleika hnitaupptalningar á blaði heldur framsetningu þeirra á korti. Hér sést að ábyrgð mælingamannsins er mikil að koma upplýsingunum rétt til skila og tryggja að samræmi sé á milli afstöðumyndar og texta.

Landamerki sem skilja á milli sveitarfélaga eða sýslna geta flækt uppmælingu landamerkja töluvert. Leita þarf þá staðfestingar tveggja sveitarfélaga fyrir uppdrætti eða þinglýsa landamerkjunum hjá tveimur sýslumönnum, enda um sýslumörk að ræða. Mikilvægt er að það sé gert í náinni samvinnu við viðeigandi sýslumannsembætti.

Framtíðarsýn

Það er framtíðarsýn Fasteignamats ríkisins að allar fasteignir á Íslandi, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, verði afmarkaðar með hnitum og þær upplýsingar gerðar aðgengilegar á einum stað í landeignarhluta Landskrár fasteigna. Þannig verði í framtíðinni hægt að nálgast á rafrænu sniði landfræðilegar upplýsingar er snerta eignamörk lands, takmörkuð réttindi (t.d. umferðarrétt) og opinberar kvaðir. Talsverður ávinningur er af slíkri skrá og sem dæmi má nefna:

- Tryggingu eignarhalds og búseturéttar
- Skilvirkari viðskipti með land
- Aukið öryggi fyrir lánveitendur
- Minni tilkostnað vegna landamerkjadeilna
- Stuðning við sjálfbæra þróun, t.a.m. gæðastýringu í landbúnaði
- Tilurð mikilvægs stoðgagns í landupplýsingarkerfum
- Dýrmætar upplýsingar til tölfræðiútreikninga

Hugmyndafræðin sem Fasteignamat ríkisins ætlar að tileinka sér í verkefninu er að færast ekki of

mikið í fang í fyrstu heldur byrja smátt og byggja upp frá því.

Stigvaxandi uppbygging

Í landi, sem er tiltölulega fámennt miðað við stærð er nákvæm kortlagning eignamarka of stórt verkefni til þess að það sé klárað í einu vetfangi. Slíkt myndi kosta hvoru tveggja óhemju mikið fjármagn og mikla vinnu. Því er mikilvægt að í upphafi sé lagður traustur grunnur að skráningunni en um leið hugsað til framtíðar, þ.e. hvernig afmörkun fasteigna verði háttað þegar á líður.

Hugmyndafræðin sem gengið er út frá er að í upphafi verði eignamörk skráð í sinni einföldustu mynd eins og þau liggja milli jarða eða lóða. Í byrjun verður hannaður gagnagrunnur og verkferlar til þess að taka á móti þeim gögnum sem verða til við stofnun nýrra lóða eða uppmælingu landamerkja, eins og hér hefur verið skýrt frá. En svo verði reynt að vinna aftur á bak þannig að öll eignamörk á Íslandi verði smám saman hluti af grunninum með tengingu við þinglýst skjöl sem þau byggja á. Síðar meir má hugsa sér sambærilega skráningu og afmörkun réttinda er tengjast veitukerfum og hugsanlega þrívíðum fasteignum.⁴⁰ Með því að grundvalla kerfið rétt í upphafi eru auknir möguleikar á að geta þróað það og útvíkkað í framtíðinni.

Í millitíðinni, þ.e.a.s. á þeim tíma sem líður frá því að grunnurinn verður að veruleika og þangað til eignamörk koma rétt hnitsett inn með vísun í þinglýstar heimildir, er hægt að styðjast við ýmsar landfræðilegar upplýsingar til að finna út legu eða umfang landeigna. Þannig myndi skráning eignamarkanna færast frá einföldum og ónákvæmum gögnum í flóknari og nákvæmari gögn eftir því sem á líður. Svo lengi sem við þekkjum gæði gagnanna sem við erum að vinna með þá eru gögnin góð, þó svo þau séu í reynd ónákvæm. Með þessum hætti mætti segja að skráning á

afmörkun og legu fasteigna fari í gegnum nokkur mismunandi þrep:

1. Engar upplýsingar til um legu eignar. Hins vegar er vitað í hvaða sveitarfélagi hún liggur. Nokkuð er um að fasteignir „týnist“ ef landeigandi fellur frá án þess að hafa byrjað framkvæmdir á lóð sem hann hefur fengið skipt út úr eldri fasteign, fyrir daga skipulagslaga.
2. Landamerkjalyking. Textalyking sem afmarkar landeign með því að vísa í örnefni og landslag. Upplýsingar þó til um í hvaða sveitarfélagi viðkomandi landeign er en erfitt er að staðsetja hana án ítarlegra athugana eða hjálpar staðkunnugra.
3. Einfaldur punktur (staðfang). Lýsir staðsetningu fasteignarinnar (t.a.m. miðju mannvirkis, innkeyrslu o.s.frv.) en leita þarf í landamerkjalykingar til þess að öðlast frekari vitneskju um afmörkun hennar.
4. Áætluð landamerki. Byggja á heimildum og lýsingum kunnugra en hafa ekki öðlast lögformlegt gildi með þinglýsingu. Gefur grófa nálgun að umfangi landeignar og gagnast til þess að sjá legu hennar í landi. Gögnin frá Nytjalandi eru gott dæmi um þetta.
5. Þinglýst landamerki með hnitum. Mældir hafa verið upp einstakir landamerkjapunktur, þeir hnitsettir, samþykktir af viðkomandi landeigendum og yfirlýsingu þar um þinglýst.

Í raun má svo bæta við sjötta liðnum sem gæti verið á þá leið að landamerkjunum sé þinglýst með nægjanlega mikilli nákvæmni. Í dag eru ekki gerðar sérstakar nákvæmniskröfur til uppmælingar landamerkja en líklega er þess ekki langt að bíða

⁴⁰ Sjá nánar umfjöllun í: Jantien Stoter, *3D Cadastre*, doktorsritgerð við Tækniháskólann í Delft, Delft 2004, sjá einnig vefsíðu: http://www.gdmc.nl/publications/2004/3D_Cadastre.pdf, skoðuð 26. nóv. 2007.

að svo verði. Fyrst væri lögð áhersla á landeignir í dreifbýli, því skráning eignamarka lóða í þéttbýli er á flestum stöðum í betra horfi en í dreifbýli.

Að lokum má hugsa sér stigvaxandi uppbyggingu landeignaskrár á þá leið að hún nái smátt og smátt til allra eigna á landinu. Til þess er lagasetning nauðsynleg sem gera myndi hnitsetta afmörkun fasteigna að forsendu ráðstöfunar, t.a.m. við kaup og sölu eða stofnun lóðar, en þannig myndi landeignarhluti Landskrár fasteigna smám saman byggjast upp af sjálfu sér. Fyrirmynd að slíkri lagasetningu má t.d. finna í lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994 en þar er krafa um eignaskiptayfirlýsingu gerð að forsendu ráðstöfunar fasteignar í fjöleignarhúsi. Setning slíkra laga væri enn fremur í takti við lagasetningar í nágrannalöndum okkar, samanber „Lov om eigedomsregistrering (matrikkellova)“ nr. 101/2005 í Noregi⁴¹ og „Lov om udstykning og anden registrering i matriklen (udstykningsloven)“ Nr. 137/1990 í Danmörku⁴².

Öðrum aðferðum þyrfti hins vegar að beita við fasteignir sem ganga sjaldan kaupum og sölum. Þetta eru eignir í eigu sveitarfélaga, hins opinbera og stærri fyrirtækja, t.a.m. bensínstöðvar, skólar, sjúkrahús, virkjanir, vegstæði o.s.frv. Þessar eignir þarf að ganga skipulega á og mæla upp.

Lokaorð

Af framangreindu má sjá að það er margt í deiglu. Landupplýsingar og notkun þeirra verða á næstu árum stærri og mikilvægari hluti viðskipta með fasteignir en verið hefur til þessa. Uppbygging landeignaskrár er löngu tímabært framtak en til þess að hún geti orðið að veruleika þarf margt að koma til og enn er langur og vandrataður vegur ófarinn.

Brún Þörf er á því að ganga í þetta verkefni sem fyrst til að eyða allri óvissu um eignamörk lands og auðvelda aðgengi og framsetningu eignamarka á stafrænu formi. Í raun álitur Fasteignamat ríkisins að hnitsetning lands verði í framtíðinni forsenda allra fasteignaviðskipta.

Árið 1882 voru sett lög um gerð landamerkjalyýsinga. Þessi lög voru framsýn og dugðu vel á meðan landslag til sveita hélst nær óbreytt fram á 20. öldina. Nú hefur landslagið hins vegar breyst, ný og betri tækni komið til sögunnar og forsendur því aðrar. Forsendur sem kalla á uppbyggingu einnar samræmdrar landeignaskrár fyrir allt Ísland; átaksverkefni sem að mörgu leyti svipar til þess mikla þjóðþrifaverks sem gerð landamerkjalyýsinganna var undir lok 19. aldar. Til þessa verks þarf nýjan og endurbættan lagagrunn og reglugerðir, sem skilgreina hlutverk einstakra aðila og setja niður nákvæmar verklagsreglur um uppmælingu landamerkja. Framtíðarsýnin er sú að Fasteignamat ríkisins verði miðpunktur varðveislu og miðlunar slíkra upplýsinga, en sjálf uppmæling landamerkja fari fram af löggiltum aðilum á kostnað landeiganda. Þörfin er brún og því lengur sem verkefnið dregst á langinn verður umfangið og kostnaðurinn við framkvæmd þess meiri.

Tryggvi Már Ingvarsson

F. 1977. BSc í landfræði frá Háskóla Íslands 2001. MSc Geomatic Ingenieur frá TU Delft í Hollandi 2006. Deildarstjóri landupplýsingadeildar Fasteignamats ríkisins.

⁴¹ Sjá nánar á vefsíðu: <http://www.lovdato.no/all/hl-20050617-101.html>, skoðuð 26. nóv. 2007.

⁴² Sjá nánar á vefsíðu: <https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=55271>, skoðuð 26. nóv. 2007.

Tafla 1.1 Fasteignamat og brunabótamat á Íslandi 31. desember 2006

Þús. kr.	Fasteignamat						Brunabótamat
	Alls			Íbúðarhúsnæði			
	Fasteignamat samt.	Húsmat	Lóðarmat	Fasteignamat samt.	Húsmat	Lóðarmat	
Landið allt	3.431.037.489	2.833.234.984	597.802.505	2.311.443.377	1.939.012.549	372.430.828	3.541.344.006
Höfuðborgarsvæðið	2.530.278.264	2.062.709.955	467.568.309	1.772.063.434	1.467.996.932	304.066.502	2.020.082.405
Reykjavík	1.574.366.611	1.311.956.357	262.410.254	1.055.341.170	890.088.994	165.252.176	1.305.708.356
Kópavogur	351.687.305	282.297.560	69.389.745	259.617.868	211.100.077	48.517.791	257.988.237
Seltjarnarnes	58.738.891	46.267.519	12.471.372	52.674.434	41.566.861	11.107.573	41.405.350
Garðabær	144.522.540	112.490.235	32.032.305	115.654.603	91.599.668	24.054.935	104.531.816
Hafnarfjörður	284.113.493	221.791.413	62.322.080	201.364.083	163.601.187	37.762.896	216.709.810
Álf탄es	22.831.888	17.995.277	4.836.611	21.013.776	16.732.521	4.281.255	17.735.777
Mosfellsbær	89.895.960	66.422.115	23.473.845	65.663.814	52.637.944	13.025.870	69.950.065
Kjósarhreppur	4.121.576	3.489.479	632.097	733.686	669.680	64.006	6.052.994
Suðurnes	155.403.571	129.425.811	25.977.760	109.239.057	93.755.618	15.483.439	197.954.870
Reykjanesbær	93.809.400	77.811.174	15.998.226	72.937.698	62.639.666	10.298.032	113.730.643
Grindavík	23.512.588	19.738.018	3.774.570	15.846.359	13.609.254	2.237.105	31.425.053
Sandgerði	21.324.600	18.147.408	3.177.192	7.390.584	6.456.693	933.891	29.989.077
Garður	8.009.525	6.640.707	1.368.818	6.437.897	5.439.674	998.223	12.531.188
Vogar	8.747.458	7.088.504	1.658.954	6.626.519	5.610.331	1.016.188	10.278.909
Vesturland	136.767.834	116.410.019	20.357.815	74.413.940	64.685.256	9.728.684	214.546.661
Ákranes	49.777.737	41.938.725	7.839.012	37.879.355	32.416.417	5.462.938	60.368.644
Skorradalshreppur	5.291.390	4.198.518	1.092.872	229.056	195.818	33.238	4.692.560
Hvalfjarðarsveit	14.556.064	12.366.779	2.189.285	2.213.957	1.996.836	217.121	24.086.029
Borgarbyggð	36.858.224	31.472.552	5.385.672	16.215.552	14.300.254	1.915.298	60.852.358
Grundarfjarðarbær	6.096.387	4.960.411	1.135.976	4.047.589	3.325.654	721.935	10.799.689
Helgafellssveit	437.017	375.758	61.259	161.581	153.790	7.791	1.080.882
Stykkishólmur	7.294.991	6.427.974	867.017	5.037.122	4.459.508	577.614	14.358.244
Eyja- og Miklaholtshreppur	1.258.526	1.149.231	109.295	446.518	438.271	8.247	2.913.862
Snæfellsbær	10.150.048	8.901.947	1.248.101	6.173.843	5.525.035	648.808	21.642.387
Dalabyggð	5.047.450	4.618.124	429.326	2.009.367	1.873.673	135.694	13.752.006
Vestfirðir	34.856.067	31.158.698	3.697.369	20.858.151	18.850.264	2.007.887	106.793.923
Bolungarvík	3.637.685	3.268.996	368.689	2.296.516	2.106.748	189.768	12.519.080
Ísafjarðarbær	20.181.495	17.812.424	2.369.071	13.225.203	11.754.236	1.470.967	51.022.926
Reykholahreppur	1.604.588	1.470.658	133.930	616.953	586.384	30.569	5.277.614
Tálknafjarðarhreppur	1.055.616	947.971	107.645	581.811	532.795	49.016	3.663.470
Vesturbyggð	3.655.771	3.320.218	335.553	2.083.338	1.929.879	153.459	15.718.668
Súðavíkurreppur	1.311.002	1.208.121	102.881	541.564	510.060	31.504	5.159.691
Árneshreppur	350.255	330.477	19.778	118.880	116.320	2.560	1.631.871
Kaldrananeshreppur	457.891	407.859	50.032	197.763	186.238	11.525	1.868.516
Bæjarhreppur	492.593	462.494	30.099	152.766	148.736	4.030	2.007.022
Strandabyggð	2.109.171	1.929.480	179.691	1.043.357	978.868	64.489	7.925.065

Tafla 1.1 frh.

Fasteignamat og brunabótamat á Íslandi 31. desember 2006

Þús. kr.	Fasteignamat						Brunabótamat
	Alls			Íbúðarhúsnæði			
	Fasteignamat samt.	Húsmat	Lóðarmat	Fasteignamat samt.	Húsmat	Lóðarmat	
Norðurland	262.251.751	230.388.365	31.863.386	172.051.245	150.593.562	21.457.683	471.145.003
Skagafjörður	27.092.534	24.269.049	2.823.485	16.274.811	14.594.010	1.680.801	58.702.257
Húnaþing vestra	7.212.883	6.662.504	550.379	3.187.232	2.959.769	227.463	21.871.662
Blínduós	4.896.435	4.396.509	499.926	2.735.184	2.516.021	219.163	14.219.029
Höfðahreppur	2.383.720	2.146.152	237.568	1.384.703	1.269.190	115.513	6.936.616
Skagabyggð	539.681	509.580	30.101	136.991	135.161	1.830	1.845.580
Húnavatnshreppur	7.749.558	7.546.760	202.798	1.129.627	1.115.816	13.811	15.387.839
Akrahreppur	985.948	930.544	55.404	429.492	414.550	14.942	3.131.827
Akureyri	146.334.713	125.069.143	21.265.570	109.723.465	94.054.060	15.669.405	178.466.833
Norðurþing	16.614.835	14.782.460	1.832.375	10.831.936	9.655.672	1.176.264	40.363.824
Fjallabyggð	9.895.112	8.843.402	1.051.710	6.326.625	5.736.642	589.983	30.081.526
Dalvíkurbyggð	10.772.532	9.566.308	1.206.224	6.989.688	6.171.458	818.230	23.646.297
Grímseyjarhreppur	288.266	267.584	20.682	165.944	154.335	11.609	1.094.851
Arnarneshreppur	990.173	908.315	81.858	495.325	461.707	33.618	2.528.090
Eyjafjarðarsveit	5.631.016	5.147.842	483.174	3.161.397	2.916.161	245.236	13.568.059
Hörgárbyggð	3.072.642	2.848.247	224.395	1.406.660	1.305.201	101.459	7.987.871
Svalbarðsstrandarhreppur	2.724.538	2.426.300	298.238	1.611.685	1.442.178	169.507	6.220.242
Grytubakkahreppur	2.028.455	1.848.853	179.602	1.275.238	1.154.375	120.863	5.445.834
Skútustaðahreppur	2.879.483	2.717.282	162.201	1.071.263	1.001.298	69.965	8.091.788
Aðaldælahreppur	2.533.765	2.432.531	101.234	627.169	605.407	21.762	6.344.734
Tjörneshreppur	264.720	245.949	18.771	139.544	134.919	4.625	867.775
Þingeyjarsveit	4.643.263	4.338.550	304.713	1.729.677	1.661.458	68.219	15.168.053
Svalbarðshreppur	438.193	422.413	15.780	125.883	123.587	2.296	1.440.538
Langanesbyggð	2.279.286	2.062.088	217.198	1.091.706	1.010.587	81.119	7.733.878
Austurland	76.833.578	66.479.017	10.354.561	49.566.245	43.458.602	6.107.643	159.095.227
Seyðisfjörður	4.384.132	3.736.934	647.198	2.326.356	2.080.021	246.335	10.373.674
Fjarðabyggð	29.978.516	25.562.398	4.416.118	20.518.012	17.806.940	2.711.072	53.803.161
Vopnafjarðarhreppur	3.109.243	2.858.268	250.975	1.719.182	1.569.518	149.664	10.100.127
Fljótsdalshreppur	293.450	271.774	21.676	118.204	117.032	1.172	1.227.294
Borgarfjarðarhreppur	482.200	443.228	38.972	253.696	237.741	15.955	2.043.664
Breiðdalshreppur	1.139.625	1.022.949	116.676	500.701	464.691	36.010	4.031.144
Djúpavogshreppur	2.136.203	1.904.681	231.522	952.455	874.854	77.601	7.230.921
Fljótsdalshérað	23.925.566	20.755.363	3.170.203	16.296.668	14.257.622	2.039.046	40.859.772
Hornafjörður	11.384.643	9.923.422	1.461.221	6.880.971	6.050.183	830.788	29.425.470

Tafla 1.1

Fasteignamat og brunabótamat á Íslandi 31. desember 2006

Þús. kr.	Fasteignamat						Brunabótamat
	Alls			Íbúðarhúsnæði			
	Fasteignamat samt.	Húsmat	Lóðarmat	Fasteignamat samt.	Húsmat	Lóðarmat	
Suðurland	234.646.424	196.663.119	37.983.305	113.251.305	99.672.315	13.578.990	371.725.917
Vestmannaeyjar	21.976.315	19.291.754	2.684.561	15.564.916	13.706.286	1.858.630	50.757.910
Sveitarfélagið Árborg	66.452.064	54.946.625	11.505.439	48.522.835	41.878.052	6.644.783	80.717.542
Mýrdalshreppur	2.766.922	2.509.201	257.721	1.303.525	1.221.720	81.805	8.598.845
Skaftárhreppur	3.495.130	3.070.727	424.403	1.030.288	988.574	41.714	9.859.778
Ásahreppur	8.058.427	7.660.685	397.742	378.544	364.011	14.533	13.874.027
Rangárþing eystra	12.041.900	10.520.064	1.521.836	5.394.454	4.894.168	500.286	28.235.808
Rangárþing ytra	11.827.457	9.805.689	2.021.768	5.365.351	4.836.181	529.170	24.807.984
Hrunamannahreppur	7.964.371	6.941.595	1.022.776	2.349.933	2.186.689	163.244	15.427.379
Hveragerði	20.197.112	16.783.061	3.414.051	15.338.692	13.211.333	2.127.359	23.532.365
Ölfus	16.886.533	13.659.510	3.227.023	9.944.836	8.775.248	1.169.588	24.481.668
Grímsnes- og Grafningshreppur	26.475.272	20.404.657	6.070.615	1.425.106	1.354.947	70.159	31.661.351
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	10.219.411	9.496.160	723.251	1.548.383	1.483.053	65.330	19.125.440
Bláskógabyggð	22.325.405	18.025.098	4.300.307	3.564.134	3.306.757	257.377	31.545.937
Flóahreppur	3.960.105	3.548.293	411.812	1.520.308	1.465.296	55.012	9.099.883

Tafla 1.2

Fasteignamat og brunabótamat frá 1994

Ár	Fasteignamat		Brunabótamat
	Samtals millj. kr.	Þar af lóðarmat millj. kr.	Samtals millj. kr.
2006	3.431.037	597.803	3.541.344
2005	2.963.893	503.299	3.063.089
2004	2.302.534	381.080	2.903.219
2003	1.969.420	321.562	2.665.533
2002	1.780.680	290.892	2.467.148
2001	1.657.309	262.699	2.213.671
2000	1.388.770	170.227	2.080.425
1999	1.206.377	145.548	1.951.095
1998	1.035.521	123.740	1.858.086
1997	966.341	114.425	1.759.263
1996	899.727	106.847	1.641.151
1995	869.479	103.353	-
1994	864.961	114.001	-

Á verðlagi hvers tíma.

Tafla 1.3

Fjöldi íbúða eftir byggingartíma – landið allt

Byggingar- tími	Fjöldi íbúða samts	Einbýli	Tvíbýli	3-5 íbúða hús	6-12 íbúða hús	Fleiri en 13 íbúðir í húsi	Íb. í öðrum húsum en íbúðarhúsum
Samts	121.035	49.447	12.728	15.655	23.552	18.388	1.265
2006	3.749	1.052	126	208	460	1.867	36
2001-2005	11.686	3.640	440	1.000	1.772	4.783	51
2005	2.530	777	136	252	295	1.052	18
2004	2.907	788	110	229	402	1.363	15
2003	2.385	661	74	166	507	972	5
2002	2.012	711	78	155	279	785	4
2001	1.852	703	42	198	289	611	9
1996-2000	7.241	2.863	358	961	1.422	1.572	65
2000	1.882	801	76	251	218	503	33
1999	1.420	685	84	239	264	146	2
1998	1.260	420	70	193	246	323	8
1997	1.230	478	42	152	322	233	3
1996	1.449	479	86	126	372	367	19
1991-1995	7.843	2.976	344	627	2.302	1.543	51
1995	1.367	562	88	143	411	155	8
1994	1.662	572	52	95	496	437	10
1993	1.505	549	76	149	444	280	7
1992	1.655	631	60	124	516	311	13
1991	1.654	662	68	116	435	360	13
1986-1990	8.048	3.463	546	539	1.993	1.438	69
1981-1985	8.741	4.894	534	491	1.741	982	99
1976-1980	11.964	6.174	706	360	2.961	1.665	98
1971-1975	11.238	5.382	518	321	3.335	1.618	64
1966-1970	8.923	3.908	674	758	2.690	801	92
1961-1965	7.551	2.516	1.060	977	1.627	1.301	70
1956-1960	7.959	2.537	1.558	1.833	1.341	611	79
1951-1955	4.725	1.964	1.364	1.027	283	37	50
1946-1950	5.875	1.689	1.476	2.081	521	53	55
1941-1945	3.227	1.131	780	830	368	64	54
1936-1940	2.615	988	370	923	287	-	47
1931-1935	2.192	842	392	751	168	-	39
1926-1930	2.663	1.036	492	929	128	16	62
1921-1925	1.278	562	316	323	40	-	37
1916-1920	731	309	150	170	63	-	39
1911-1915	544	317	96	110	-	-	21
1906-1910	818	388	180	190	24	-	36
1901-1905	600	271	140	145	8	15	21
1900-	683	451	104	98	-	-	30
Byggingaár óþekkt	141	94	4	3	18	22	-

Taflan byggir á skráningum í Landskrá fasteigna fyrir hús reist árið 2006 og fyrir, staða um mitt ár 2007.

Tafla 1.4

Fjöldi íbúða eftir sveitarfélögum

	Fjöldi íbúða samtals	Einbýli	Tvíbýli	3-5 íbúða hús	6-12 íbúða hús	Fleiri en 13 íbúðir í húsi	Íb. í öðrum húsum en íbúðarhúsum
Landið allt	121.035	49.447	12.728	15.655	23.552	18.388	1.265
Höfuðborgarsvæðið	75.640	20.072	7.382	12.602	19.339	15.660	585
Reykjavík	48.530	9.462	4.440	10.018	14.228	9.927	455
Kópavogur	10.533	3.102	1.194	1.192	2.101	2.897	47
Seltjarnarnes	1.588	736	170	246	143	284	9
Garðabær	3.441	2.028	172	145	450	631	15
Hafnarfjörður	8.260	2.659	1.128	847	1.921	1.674	31
Álfítanes	720	533	14	25	148	-	-
Mosfellsbær	2.483	1.474	258	129	348	247	27
Kjósarhreppur	85	78	6	-	-	-	1
Suðurnes	6.891	3.906	1.052	529	919	432	53
Reykjanesbær	4.608	2.065	852	434	833	394	30
Grindavík	881	730	60	21	48	20	2
Sandgerði	545	407	88	8	8	18	16
Garður	467	414	18	31	-	-	4
Vogar	390	290	34	35	30	-	1
Vesturland	6.012	3.769	784	297	667	380	115
Akranes	2.249	1.044	390	164	431	203	17
Skorradalshreppur	37	30	4	-	-	-	3
Hvalfjarðarsveit	217	200	8	3	-	-	6
Borgarbyggð	1.573	941	184	72	169	177	30
Grundarfjarðarbær	326	236	34	26	16	-	14
Helgafellssveit	34	34	-	-	-	-	-
Stykkishólmur	480	366	60	9	30	-	15
Eyja- og Miklaholtshreppur	65	56	4	-	-	-	5
Snæfellsbær	678	529	92	23	21	-	13
Dalabyggð	353	333	8	-	-	-	12
Vestfirðir	3.419	2.210	432	233	361	101	82
Bolungarvík	386	271	46	16	38	14	1
Ísafjarðarbær	1.731	944	206	172	281	87	41
Reykhólahreppur	150	128	10	-	11	-	1
Tálknafjarðarhreppur	117	84	12	18	-	-	3
Vesturbyggð	548	345	130	20	31	-	22
Súðavíkurbhreppur	110	92	8	3	-	-	7
Árneshreppur	33	29	4	-	-	-	-
Kaldraneshreppur	64	57	2	4	-	-	1
Bæjarhreppur	49	48	-	-	-	-	1
Strandabyggð	231	212	14	-	-	-	5
Norðurland vestra	3.179	2.517	280	133	178	30	41
Skagafjörður	1.745	1.289	202	72	142	16	24
Húnaþing vestra	527	467	20	18	14	-	8
Blönduós	373	302	22	19	16	14	-
Höfðahreppur	213	164	22	20	6	-	1
Skagabyggð	46	46	-	-	-	-	-
Húnavatnshreppur	188	171	10	-	-	-	7
Akrahreppur	87	78	4	4	-	-	1

Tafla 1.4 frh.

Fjöldi íbúða eftir sveitarfélögum

	Fjöldi íbúða samtals	Einbýli	Tvíbýli	3-5 íbúða hús	6-12 íbúða hús	Fleiri en 13 íbúðir í húsi	Íb. í öðrum húsum en íbúðarhúsum
Norðurland eystra	11.731	6.598	1.490	1.225	1.286	1.018	114
Akureyri	6.883	2.871	900	960	1.070	1.018	64
Norðurþing	1.260	866	150	89	141	-	14
Fjallabyggð	1.064	667	240	103	41	-	13
Dalvíkurbyggð	699	560	68	33	34	-	4
Grímseyjarhreppur	40	38	2	-	-	-	-
Arnarneshreppur	76	61	14	-	-	-	1
Eyjarjarðarsveit	352	312	24	15	-	-	1
Hörgárbyggð	161	145	6	9	-	-	1
Svalbarðsstrandarhreppur	133	114	12	6	-	-	1
Grýtubakkahreppur	139	128	10	-	-	-	1
Skútustaðahreppur	165	143	18	3	-	-	1
Áðaldælahreppur	115	111	4	-	-	-	-
Tjörneshreppur	31	31	-	-	-	-	-
Pingeyjarsveit	336	299	28	3	-	-	6
Svalbarðshreppur	36	36	-	-	-	-	-
Langanesbyggð	241	216	14	4	-	-	7
Austurland	5.120	3.546	506	335	352	265	116
Seyðisfjörður	329	228	44	19	28	-	10
Fjarðabyggð	1.839	1.220	204	142	130	108	35
Vopnafjarðarhreppur	319	258	20	3	30	-	8
Fljótsdalshreppur	41	37	2	-	-	-	2
Borgarfjarðarhreppur	86	80	4	-	-	-	2
Breiðdalshreppur	126	99	10	6	-	-	11
Djúpavogshreppur	207	192	2	4	-	-	9
Fljótsdalshérad	1.334	848	138	101	98	122	27
Hornafjörður	839	584	82	60	66	35	12
Suðurland	9.043	6.829	802	301	450	502	159
Vestmannaeyjar	1.637	960	338	65	146	85	43
Sveitarfélagið Árborg	2.885	2.063	184	85	141	384	28
Mýrdalshreppur	216	186	14	10	-	-	6
Skaftárhreppur	227	203	12	8	-	-	4
Ásahreppur	69	67	2	-	-	-	-
Rangárþing eystra	629	550	24	12	20	16	7
Rangárþing ytra	602	551	26	6	8	-	11
Hrunamannahreppur	265	212	28	18	-	-	7
Hveragerði	875	707	60	33	38	17	20
Ölfus	656	523	36	19	71	-	7
Grímsnes- og Grafíningshreppur	164	125	12	25	-	-	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	213	182	20	6	-	-	5
Bláskógabyggð	400	309	36	14	26	-	15
Flóahreppur	205	191	10	-	-	-	4

Taflan byggir á skráningum í Landskrá fasteigna fyrir hús reist árið 2006 og fyrr, staða um mitt ár 2007.

Tafla 2.1

Velta og fjöldi kaupsamninga í fasteignaviðskiptum 1990-2006

Ár	Samtals		Fjölbýli		Sérbýli		Atvinnuhúsnæði		Annað	
	Velta þús. kr.	Fjöldi	Velta þús. kr.	Fjöldi	Velta þús. kr.	Fjöldi	Velta þús. kr.	Fjöldi	Velta þús. kr.	Fjöldi
2006	271.955.329	11.897	140.704.756	7.039	76.057.925	2.837	43.314.250	1.144	11.878.398	877
2005	312.171.630	15.836	164.435.548	9.614	81.113.126	3.801	52.833.976	1.383	13.788.980	1.038
2004	226.892.494	14.359	127.942.305	9.176	62.901.093	3.585	30.023.964	968	6.025.132	630
2003	162.830.040	11.960	92.948.522	7.586	48.164.559	3.115	16.756.619	731	4.960.340	528
